



HÉR ER ALLT SVO UNDARLEGT



Norsk ljód í þýðingu
Guðmundar Kristins
Sæmundssonar

Bláskógar ehf
2020

Hér er allt svo undarlegt ...

BÆKUR ÚR SMÍÐJU ÞÝÐANDA

- Ó, það er dýrlegt að drottna.* 1982. Reykjavík: útgefið af höfundu.
- Stormsveipur í stjórnmálum.* 1982. Reykjavík: Örn og Örlygur hf.
- Á vængjum vitundar.* 1989. Reykjavík. Bókaútgáfan Reykholt hf.
- SPOR. Ævi Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur frá Hurðarbaki í Flóa.* 2016. Seltjarnarnes: Bláskógar ehf.
- Í sjöunda himni býr sólin.* 2016. Seltjarnarnes: Bláskógar ehf. [Ljóð]
- Ekki er sú rósin best.* 2017. Seltjarnarnes: Bláskógar ehf. [Ljóð]
- Ljóðabók.* 2019. Reykjavík: Bláskógar ehf. [Ljóð].

Þýðingar

- Fredrik Fasting Torgersen. 2020. Fréttir úr fangelsi [Ljóð].
- Hó Chí Minh. 1975. *Fangelsisdagbók* [Ljóð].
- Jon Michelet. 1975. *Járnkrossinn* [Skáldsaga þýdd í samstarfi við Hafþór Guðjónsson].
- Leonard Cohen. 1989. *Blá fiðrildi* [Ljóð].
- Maó TseTúng. 1977. *Gangan mikla* [Ljóð].
- Terje Stigen. 1974. *Á mörkunum* [Skáldsaga, fyrst lesin í útvarp].
- Tjsá Sjú Lí. 1976. *Þorp í dögun* [Skáldsaga, lesin í útvarp].
- Auk þess bókarkafar og einstök hefti í ritröðunum um Morgan Kane og Dætur lífsins.

Hér er allt svo undarlegt ...

Hér er allt svo undarlegt ...

Hér er allt svo undarlegt ...

Hér er allt svo undarlegt ...

HÉR ER ALLT SVO UNДАРLEGT ...

Norsk ljóð í þýðingu Guðmundar Kristins Sæmundssonar

**Bláskógar ehf
2020**

Hér er allt svo undarlegt ...

HÉR ER ALLT SVO UNДАРLEGT ...

Norsk ljóð í þýðingu Guðmundar Kristins Sæmundssonar

© 2019: Guðmundur Sæmundsson, Bláskógar ehf,
Grafarholti, Reykjavík.

Kápa og umbrot: Guðmundur Sæmundsson, Bláskógar ehf.

Prentun: Litróf prentsmiðja, Reykjavík.

Efnisyfirlit

<i>Cecilie Löveid (f. 1951)</i>	
<i>Mamma</i>	15
<i>Heikki Gröhn (f. 1949)</i>	
<i>Þess vegna</i>	16
<i>Stein Grønli (f. 1947)</i>	
<i>Fyrirsögninni</i>	17
<i>Smáljóð</i>	18
<i>Ef til vill huggun</i>	19
<i>Jan Bojer (f. 1945)</i>	
<i>Stjórnleysingjasálmur 1967</i>	20
<i>Björn Christensen (f. 1945)</i>	
<i>Vitundarvakning</i>	22
<i>Mengun</i>	23
<i>Gef oss í dag vort daglegt brauð</i>	24
<i>Eðlileg viðbrögð</i>	25
<i>Nauðgun</i>	26
<i>Já, það færðu að sjá</i>	27
<i>Kjersti Ericson (f. 1944)</i>	
<i>Fangelsi er ekki staður fyrir fólk</i>	28

Hér er allt svo undarlegt ...

Olaug Rekdal (f. 1939)

Aðrar áttir 31

Viðv. baráttunni fyrir tilverunni 34

Á almennum fundi 36

Arvid Torger Lie (f. 1938)

Boðið upp í dans 38

Nú göngum við í þungum snjó 39

Snævetur 40

Baste Gröhn (f. 1938)

usaburtfráviðnam 41

Björn Nilsen (f. 1934)

Við skulum leika okkur 42

Ola Jonsmoen (f. 1932)

Dagurinn, vindurinn og hjartað 43

Peter R, Holm (f. 1931)

Bonnie og Clyde 45

Hús Söru Pardee Winchester 47

Nóttin svartur hestur 51

Melkior Pedersen (f. 1927)

Áþreifanlegt 52

Jón Eiríkur á leiðinni út úr herberginu sad and dazy 53

Nýeinfalt 54

Ritvélarljóð 55

Hér er allt svo undarlegt ...

Arnold Eidslott (1926-2018)

Málverkið 56

Rolf Sagen (1940-2017)

Á eftir 57

Í dag 59

Til gamals manns 60

Vesaas í Club 7 61

Stein Mehren (1935-2017)

Ég held höfði þínu 62

Liv Holtskog (1934-2014)

Ef einhver – 63

Varmahlíð 64

Kjell Gabrielsen (1928-2008)

Græni hesturinn (Ljóðrænt ævintýri) 66

Ævintýrið um nornina og rósina 71

Nornin í græna enginu 74

Álfurinn 76

Lúðurnefur kóngur 79

Tartaramóðirin 83

Gullflautan 85

Marie Takvam (1926-2008)

Dýpst kropsið á kné 88

Hér er allt svo undarlegt ...

Arild Nyquist (1937-2004)

<i>Augað</i>	<i>89</i>
<i>Málverk.....</i>	<i>90</i>
<i>Ó, jólasveinn</i>	<i>91</i>
<i>Þegar.....</i>	<i>92</i>

Ingebjörg Kasin Sandsdalen (1915-2003)

<i>Að enni voru.....</i>	<i>93</i>
<i>Bál.....</i>	<i>95</i>
<i>Borg friðar</i>	<i>98</i>
<i>Handan við strönd þína</i>	<i>100</i>
<i>Meðan ég er hér</i>	<i>102</i>
<i>Spyr hjartað</i>	<i>105</i>

Halvor J. Sandsdalen (1911-1998)

<i>Af manndráparaætt.....</i>	<i>106</i>
<i>Bannað að betla við húsdyr</i>	<i>107</i>
<i>Í dag.....</i>	<i>108</i>
<i>Í niði Þjósár.....</i>	<i>110</i>

Kjell Røseth (1934-1999)

<i>Vesaas.....</i>	<i>112</i>
<i>Þúsundfætla.....</i>	<i>113</i>

Erling Christie (1928-1996)

<i>Credo - ég trúi.....</i>	<i>114</i>
-----------------------------	------------

Ulf Jakobsen (1911-1996)

<i>Í klefanum</i>	<i>116</i>
<i>Gítar.....</i>	<i>117</i>

Hér er allt svo undarlegt ...

Sigmund Mjelve (1926-1995)

Smásaga 119

Gunvor Hofmo (1921-1995)

Hvað veistu ... ?..... 120

Kringum múr..... 121

Draumóramenn næturinnar 122

Þetta er vorið 123

Olav H. Hauge (1918-1994)

Vegurinn þinn 124

Færið mér ekki allan sannleikann 125

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Ófægð rúða..... 126

Sérkenni 127

Lúðrapýtur 129

Raunveruleiki 130

Landslag með skurðgröfum..... 132

Verslanahverfið..... 133

Gamlar konur..... 137

Undir háum stytum..... 138

Kyrrðin á eftir - - (brot) 139

Hægt 141

Í skógum verslananna..... 143

Það er barið 144

En vér lifum 145

Hér er allt svo undarlegt ...

Gunnar Lunde (1944-1993)

<i>Sprengjan</i>	146
<i>Að elska</i>	147
<i>Apartheid</i>	148
<i>Híróshímakona</i>	150
<i>Hljója kona</i>	151
<i>Ormurinn</i>	153
<i>Staðreyndir um Víetnam</i>	154
<i>Þú og bíllinn þinn</i>	156

Simen Skjönsberg (1920-1993)

<i>Kvæði um ást</i>	158
<i>Æ níd jú darling</i>	160

Magli Elster (1912-1993)

<i>Frá þollaúsum stundum</i>	161
------------------------------------	-----

Kjell Sandvik (1929-1992)

<i>Á hungurári</i>	162
<i>Hann pabbi vann í pulsvagn</i>	163
<i>Nátt og skuggi</i>	164
<i>Predikun</i>	165
<i>Stjórnmalamaður játar</i>	166
<i>Stríðsleikurinn</i>	167
<i>Vorið</i>	168
<i>Þegar brosið dó</i>	169
<i>Þróun</i>	171

Hér er allt svo undarlegt ...

Engelke Revold (1921-1991)

Leikur 172

Hús-Freyja 173

Anna Sandnes (1903-1988)

Barn 175

Anders A. Hovden (1905-1986)

Beygðu þig 176

Meitlaðu ekki 177

Hlið þitt er knúið 179

André Bjerke (1918-1985)

Veisla hinna fullorðnu 180

Astrid Hjertenæs Andersen (1915-1985)

Hestsaugað 183

Ernst Orvil (1898-1985)

Sálfræði 184

Jens Björneboe (1920-1976)

Innlegg í baráttu dagsins 185

Finn Björnseth (1924-1973)

Undir rúsínurunninum 187

Tarjei Vesaas (1897-1970)

Regn í Hírósíma 188

Andspænis nýju 190

Leið ormsins yfir bjargið 192

Þrír deplar á teignum 193

Hér er allt svo undarlegt ...

Einar Skjæraasen (1900-1966)

Ákæra við múrinn 195

Kristofer Uppdal (1878-1961)

Hersla..... 197

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Hin svartklædda..... 198

Maginn 199

Nafnlaus..... 200

Nocturne 202

Kvenleggur..... 203

Það er allt..... 204

Stúlkur (brot)..... 205

Billet doux 207

Berceuse (Vögguljóð)..... 209

Dagur 211

Getur spegillinn talað?..... 213

Tréð..... 214

Allt sköpunarverkið stynur..... 216

Ég sé 219

Hér er allt svo undarlegt ...

Cecilie Löveid (f. 1951)

Mamma

Hún situr í strætisvagninum
eftir að hafa keypt
lifandi fisk og graslauk
nú ætlar hún heim
til kartaflnanna og
bráðnandi smjörs.

Heikki Gröhn (f. 1949)

Þess vegna

Hvers vegna stóð ekki lengur
hjónaband þeirra Míu Farrow
og Franks Sinatra?

Var það vegna
29 ára aldursmunar þeirra?

Eða var það
viðurkennt samband hennar
við enska leikarann
Lawrence Harvey
sem olli skilnaðinum?

Frank Sinatra hefur sjálfur sagt:
„Það er erfitt
að eiga saman við mig að sælda.“

Samanlagt hafa hjónin
verið lengur aðskilin
en saman
sjá opnu.

Hér er allt svo undarlegt ...

Stein Grönli (f. 1947)

Fyrirsögninni

yfir símsendu NTB-ljósmyndinni af Pat Nixon 59 ára
þar sem hún fóðrar grísina hans Hsú Tíng-Fú 63 ára
í alþýðuhéraði við borgarmúra Pekíng
breytum við í

Traust undirstaða úr eigin hússtjórn.

Hér er allt svo undarlegt ...

Stein Grönli (f. 1947)

Smáljóð

Nóttin er afblómuð
morgunninn er þroskaður
ég get uppskorið tvær fölgular
sítrónur í augnkrókunum.

Hér er allt svo undarlegt ...

Stein Grönli (f. 1947)

Ef til vill huggun

Ég
hvíli kinn
mína
á
bullsveittum
líkama
magadansmeyjar

Og
veit að annað
Tyrkland
en Ístanbúl
er ekki til ...

Jan Bojer (f. 1945)

Stjórnleysingjasálmur 1967

Með lifandi hár eins og flagg í vindinum
erum við dimmrauð (blóðhlaupin & bólgin)
í tilfinningalegri ást okkar til mannanna
skynfæri okkar eru knúin áfram af hassi
undir heitu ljósi heilaskurðlæknisins
para sig við tækjakraft bræðra okkar
sem heita bob dylan
sem heita allen ginsberg
sem heita john paul ringo og georg johannessen
& önnur nöfn í öðrum löndum
sem syngja svartar messur okkar
(um miðnætti & á öðrum tímum)
sem slá svart hljómfall okkar
 á bensínfat
 á rafmagnsheila
 á mjaðmir
(svartir eins og vélmennirnir
 eins og vagnkarlar
 eins og bolsévíkkar
 eins og við sjálfir)

Hér er allt svo undarlegt ...

Ef við tökum við óskapnaði fjöldans
er það í gegnum guðhræddan óheiðarleika klæða okkar
eins og ópíumdropar gröfum við okkur
inn í það mannlega
til að þurrka út allt sem mikilvægt er
áður en við sjálf verðum þurrkuð
út.

Hér er allt svo undarlegt ...

Björn Christensen (f. 1945)

Vitundarvakning

Þegar við fórum inn til

að finna

alla þræðina

kynntumst

við vefarastofunni

og fannst við

ekki lengur

geta

verið neitt

gólfteppi.

Hér er allt svo undarlegt ...

Björn Christensen (f. 1945)

Mengun

Daginn
sem ég varð
úrgangur
skildi ég
að þú varst
hálf
af því að þú vildir ekki vita
af mér.

Hér er allt svo undarlegt ...

Björn Christensen (f. 1945)

Gef oss í dag vort daglegt brauð

Myllusteininn
má nota
 til svo margs

Sumir
mala korn
en aðrir
hafa hann
 um hálsinn.

Hér er allt svo undarlegt ...

Björn Christensen (f. 1945)

Eðlileg viðbrögð

Malbikinu
fannst sér
sýndur heiður
þegar tréð hallaði sér
ástúðlega yfir það
en vindurinn
hló hljóðlega í blöðunum.

Björn Christensen (f. 1945)

Nauðgun

Kvöld eitt
sá ég
í sólarlaginu
kvenský
sem glóandi glennti út fætur sína
yfir kirkjuturninum
sem gerði ekkert
nema standa þarna
og fróa sér.

Björn Christensen (f. 1945)

Já, það færðu að sjá

Hef verið
of lengi á sama stað
svo að nú er ég farinn

Bíð þess
að eitthvað gerist
sé að allir eru
hérna
og bíða

Ef til vill hefur það
gerst
meðan ég var
fjarri ...

Kjersti Ericson (f. 1944)

Fangelsi er ekki staður fyrir fólk

Í Portúgal var maður
hann barðist í þágu verkafólksins
þegar hann var látinn laus eftir 16 ár
sagði hann:
ég sé ekki eftir því
því að málstaður minn var réttur
en meðan tíminn líður
verður hár ástvinarins
algjörlega grátt
manstu að liturinn var annar áður?
eftir 16 ár
er ekkert lengur eins og það var
margir vinir eru látnir
og það er gróið yfir götuslóðana

Hér er allt svo undarlegt ...

Svartur maður í Jóhannesarborg
hélt hann væri manneskja
þegar dómurinn um 12 ár var kveðinn upp
hrópaði konan hans:
eiginmaður minn, ég er hreykin af þér!
en meðan tíminn líður
verður hár ástvinarins
algjörlega grátt
manstu að liturinn var annar áður?
eftir 12 ár
er ekkert lengur eins og það var
margir vinir eru látnir
og það er gróið yfir götuslóðana

Hér er allt svo undarlegt ...

Maður í Austur-Þýskalandi
og kona í Vestur-Þýskalandi
sátu í fangelsi fyrir styrjöldina miklu
í styrjöldinni miklu
eftir styrjöldina miklu
maður í Paragvæ
var ekki pyntaður alveg til dauða
þau kvarta ekki enn
yfir heiðarleika sínum og hugrekkinu
en meðan tíminn líður
verður hár ástvinarins
algjörlega grátt
manstu að liturinn var annar áður?
eftir myrk ár
er ekkert lengur eins og það var
margir vinir eru látnir
og það er gróið yfir götuslóðana.

Olaug Rekdal (f. 1939)

Aðrar áttir

Við erum tvö börn sem sitja hvort í sínu horni sandkassans og byggjum sandkastala hvort fyrir sig og við horfum hvort á annað í laumi og langar til að leika okkur saman en við erum of feimin til að láta það í ljós. Og við þorum ekki heldur að trúa því fyllilega að það sé satt.

Við erum tvö þögul börn í sandkassanum með hvort sinn sandkastala. Ég brenn af löngun til að leika við þig en get ekki sýnt þér það öðruvísi en að sitja hér og fara ekki til að leika við aðra. Hví ert þú þarna ennþá?

Þú leikur að bílunum þínum eins og til að sýna mér hvað þú átt. Þú byggir turn á kastalann þinn eins og til að sýna mér hvað þú getur. Þegar þú snýrð bakinu öðru hvoru að mér er það nóg til að sýna mér að þú kærir þig ekkert um stelpur. En þegar þú snýrð þér að mér aftur er það til að gá hvort ég sé þarna enn. Því að þegar þú sérð það tekur þú stórt hlass á bílinn þinn.

Ég sit hér og sting blómum og kvistum niður í sandinn. Ég rækta akur kringum kastalann minn til að sýna þér hvað ég get. Því að þú ert fallegasti og flínkasti strákur sem ég hef séð og ég vil alltaf vera með þér. Ef þú kemur hingað skaltu fá að sjá hvað ég faldi í kastalanum mínum. Það er leyndarmál sem ég ein veit og sem þú einn færð að vita.

En það er óvíst hvort þú sérð það nokkurn tíma. Það er óvíst hvort við getum nokkurn tíma leikið okkur saman.

Því að á milli okkar standa tveir fullorðnir. Við höfum tvo fullorðna til að tala fyrir okkur. Tvær kynverur. Þær geta talað. Þess vegna erum við þögul. Þær geta hlegið. Þess vegna sitjum við hvort í sínu horni. Þær eru opinskáar. Þess vegna erum við feimin.

Milli okkar standa maður og kona. Þau hafa gleymt okkur og skilja ekki hvort annað. Allt er þeim erfitt því öllu hafa þau breytt í orð og kyn. Þau eiga hugtök um gott og vont og eru ekki saklaus lengur.

Þau berjast hvort við annað því að þau þrá nærveruna. En þau eru hlekkjuð í orð og allt fer forgörðum.

Það kemur fyrir að þau standa þannig að við sjáum ekki hvort annað. Þá verð ég hræddur og ríf biður sandkastalann minn því að þá held ég þú hættir kannski og farir burt. Ég er ekki viss um að þú þorir að treysta á mig. En þegar þau loksins víkja til hliðar ertu þarna enn.

Hér er allt svo undarlegt ...

Þá sé ég að þú hefur líka eyðilagt þinn. Þá ljóma ég upp af vissunni og kastalinn minn rís á ný. Þegar þú sérð mig byrjar þú líka að byggja aftur. Við vitum það sama og viljum það sama!

En það er óvíst hvort við fáum nokkurn tíma að leika okkur saman. Það er óvíst hvort þau fullorðnu taka nokkurn tíma eftir okkur.

Olaug Rekdal (f. 1939)

Viðv. baráttunni fyrir tilverunni

Ég er fullorðin
manneskja
með
grundvallarþörf
fyrir
ást
vináttu
tilbreytingu í
tilverunni
athygli
öryggi

Það er ákaflega
sársaukafullt
þess vegna
dreymir mig
dagdrauma
einangurn
eftirsjá

Hér er allt svo undarlegt ...

Til að fá mátt til
að lifa
og hreyfa mig í
þessum heimi
og ljúka
einhverju áður
en ég dey
ef svo skyldi fara
að ég verði
aldrei
ánægð.

Olaug Rekdal (f. 1939)

Á almennum fundi

Herra fundarstjóri

Ég er ekki vön því
að tala á fundum
ég er ein þeirra sem aldrei
biðja um orðið
því að mér tekst aldrei
að tala eins og þið

En mér finnst eindregið að
það sé skylda mín
sem þegns í
lýðræðisþjóðfélagi
að mitt álit komi líka fram

Ég vil þá segja að skoðun
síðasta ræðumanns
stríðir á móti einhverju í mér
og ég lýsi því yfir að ég er
mjög ósammála honum

Hér er allt svo undarlegt ...

Án þess
að ég geti sagt
hvers vegna
eða bent á annan möguleika

Ég ætla að fá að skýra frá því
þegar mér finnst
að álit mitt sé komið fram.

Arvid Torger Lie (f. 1938)

Boðið upp í dans

Ég hef horft lengi á þig
þú veist það
þú sýnir mér fallegan líkama þinn
barmur þinn veifar til mín
og segir flýttu þér hingað!
læri þín brosa hlýlega
ég sagði ég vil sjá mjaðmir þínar dansa
þú biður mig að kyssa þig
ég segi þú sért falleg
þig er ég lengi búinn að þrá
segir þú
þú ert með falleg augu segi ég
þú hefur fallega rödd segir þú
ég segi lengi hefur mig dreymt um
að strjúka hár þitt með höndunum
þú segir ekkert en brosir
komdu segi ég
við hittumst
ég bauð þér upp í dans.

Arvid Torger Lie (f. 1938)

Nú göngum við í þungum snjó

Trumburnar eru horfnar
og gítararnir
gleðin –

Nú göngum við í þungum snjó
án þess að heyrist
í járnsólunum

Nú göngum við
undir týrunni frá ljósastaurunum
og við sjáum lítinn hund
elta okkur
í nokkurri fjarlægð
með trýnið við jörðu.

Arvid Torger Lie (f. 1938)

Snævetur

Vesölu kveinandi börn
liggið þið enn og króknið?

Sérðu ekki að dýnurnar
eru of litlar
tærnar standa út fyrir?

Jæja þá hér læt ég ykkur fá
stóra mjúka dúnlétta dýnu
en þá megið þið ekki kvarta meira
heldur brosa og vera öll glöð

Ástarþakkir kæri
þú ert voldugur vetur.

Hér er allt svo undarlegt ...

Baste Gröhn (f. 1938)

usaburtfrávíetnam

USA
BURTFRÁV
ÍETNAMUSA
BURTFRÁVÍ
ETNAMUS
ABURTFRÁ
VÍETNAM
USABURTFR
ÁVÍETNAMUS
ABURTFRÁVÍETN
AMUSABURTFR
RÁVÍETNAMUSABU
RTFRÁVÍETNAMUS
ABURTFRÁVÍETNAM
USABURTFRÁVÍET
NAMUSABURTFRÁVÍ
ETNAMUSABURTFRÁV
ÍETNAMUSABURTFRÁV
ÍETNAMUSABURTFR
ÁVÍETNAMUSABURTFR
RÁVÍETNAMUSABURT
FRÁVÍETNAMUSABUR
TFRÁVÍETNAMUSABU
RTFRÁVÍETNAMUSABU
RTFRÁVÍETNAMUSABU
RTFRÁVÍETNAMUSA
BURTFRÁVÍETNAMUS
ABURTFRÁVÍETNAM
USABURTFRÁVÍETNAMUS
ABURTFRÁVÍETNAMUSABURTFR
RÁVÍETNAMUSABURTFRÁVÍETNAM
USABURTFRÁVÍETNAMUSABURTFR
RÁVÍETNAMUSABURTFRÁVÍETNAMUSAB

Björn Nilsen (f. 1934)

Við skulum leika okkur

Taktu við gerviblómunum mínum
og fjölrítuðu ástarjåtningunni
– lýsingarorðin í henni eru gerð af sérfræðingum –
taktu við sykurhúðuðu hjarta mínu
og segðu já

Svo getum við farið
og látið segulband vígja okkur
til eilífrar tryggðar
í verkamannablokkunum

Farðu í bestu fötin þín
og settu upp nýjasta brosið
við skulum þykjast vera
fólk.

Ola Jonsmoen (f. 1932)

Dagurinn, vindurinn og hjartað

Barnið segir:

ég á lífið

gef mér ljósið

Hjartað spyr vindinn spyr daginn

Dagurinn svarar:

ég á ljósið

gef mér lífið

Barnið segir:

ég á augu

sýn mér veröldina

Hjartað spyr vindinn

Vindurinn svarar:

ég á veröldina

gef mér augu

Hér er allt svo undarlegt ...

Barnið segir:
ég á ást
kenn mér að elska

Hjarta hjarta mitt!

Hjartað svarar:
barn hér er ég
þú skalt verða stór.

Peter R. Holm (f. 1931)

Bonnie og Clyde

Bonnie og Clyde
geystust inn í heim flóttans
og drápu hvert ráð hvert skot
hver bíll sem var stolið, hvert
handtak um vélbyssuna
lukti þau inni í tálsömum
tilfinningum þess að beita umheiminn valdi
þau voru stöðugt á flótta losnuðu aldrei
við ofsækjendur sína leituðu aldrei
skorts síns á meðvitund um sig sjálf

Bonnie og Clyde

þindarlaust þutu þau um Missouri
Kansas Oklahoma hið stórbrotna landslag
hreinskilninnar flæðandi ljós yfir verknuðum
lífðu aðeins reikult blaktandi skugga
óróleikans inn í sig ... Þannig var
líf þeirra sérkennileg blanda sakleysis
og spillingar guðlaus fyrirlitning
mótmæli gegn öllu orsökunum þrýst
út í myrkrið burt úr augsýn
samsömun staðfesting. Og í snöggri
örvita þörf til að endurreisa allt koma í veg
fyrir að það sem var orðið gerðist
brutu þau sér leið til frelsis án þess
að vita hvað frelsi er: Að láta það sem
við ekki fáum ráðið yfir fullnægja
okkur þannig að við að síðustu
greinum ekki líf vort frá heiminum ...

Peter R. Holm (f. 1931)

Hús Söru Pardee Winchester

Árið 1928 lést öldruð frú í San José í Kaliforníu. Það var Sara Pardee Winchester sem 40 árum áður varð ekkja eftir W. W. Winchester, son vopnaframleiðandans. Ekkjan óttaðist að þeir menn sem drepnir höfðu verið með vopnunum sem fjölskylda hennar hafði framleitt myndu ganga aftur til að hefna sín á henni. Hún leitaði til manns sem var skyggn án þess að fá nokkurn verulegan frið á sálinni. Hann sagði að eina leiðin til að halda draugunum burtu væri sú að koma af stað risavöxnum byggingarframkvæmdum þar sem hún sjálf ætti heima. Þetta byggingarstarf yrði að standa yfir meðan hún lifði.

Sara Pardee Winchester

bjó nærri 40 ár í húsi sem aldrei
var fullgert en óx í allar áttir
umhverfis hana sem sífellt meiri bráðabirgða-
árangur skipulagsleysis hugvitssamra
húsagerðarmanna. Herbergi eftir herbergi, húshluti
eftir húshluta, bogagöng, rangalar teygðust
fram og aftur um ógnandi viðbyggingar.
Í þrjátíu og átta ár gat hún á hverju kvöldi slökkt
ljósið í fullvissu þess að einhvers staðar
í húsinu var einhver að negla og saga. Og af því að
hún reyndi aldrei að gleyma sjálfri sér út af
umheiminum en sökksti sér sífellt dýpra inn í
ótta sinn við að loka veröldina úti
frá sjálfri sér varð hún smám saman, hægt
og óbætanlega ófær um að skynja
sitt eigið líf. Dag og nótt, hverja stund
sólarhringsins var einhvers staðar í húsinu
einhver að negla og saga. Samtals voru
um það bil fimmtíu arnar innréttaðir og fjörutíu stigar
þar af enduðu sumir uppi undir þakinu
eða mitt í loftinu. Og af hin um tvö þúsund dyrum
voru sumar falldyr eða dyr sem leiddu inn í
tíma króka. Svalir svignuðu í
innilokuðustu herbergjunum. Ósvikið draugahús!
Út um um það bil tíu þúsund glugga hafði hún útsýni
yfir það sem sást af umheimi
sem hún vissi ekkert um og sem hún þess vegna
óttaðist sífellt meðan húsið teygði skipan sína
yfir svæði sem að endingu tók yfir þrjátíu ekrur

Sara Pardee Winchester
fór aldrei út úr hinu afskræmda húsi sínu og
húsið túlkaði ótta hennar við allt
sem hún flúði með því að lykja sig
innan fleiri og fleiri veggja
stiga, ganga sem áttu að rugla
alla sem hún hélt að væru að leita hennar
til að ógna lífi hennar. Og af ótta við
að einhver ógnaði lífi sínu
gekk hún sjálf lifandi inn í þann dauða
sem fólgin er í því að lifa stöðugt án þess
að forma óróleika sinn með öðru en múrveggjum
um líf sitt. Því meira sem hún reyndi
að losa sig við óróleikann, þeim mun öflugar og
gegndarlausar lukti hann greip sinni um
hana: Pipur mannvera sem hinir þrjátíu
þjónar og næstum jafnmörgu byggingar-
verkamenn af og til sáu bregða
fyrir. Í þrjátíu og átta ár
voru það aðeins þrjár persónur sem hún reglulega
sá: Einkaritarann sinn, frænku sína og
kínverska þjóninn sinn – þann sem daglega
færði henni matinn á gulldiskum fjölskyldunnar

Hér er allt svo undarlegt ...

Sara Pardee Winchester varð 85 ára
og dó eðlilegum dauðdaga, eftir að hafa lifað
mjög óeðlilegu lífi. Og allt húsið
hlustaði þá, næri eins og lifandi vera,
enginn nagli var rekinn, enginn planki
var sagaður, aðeins vindurinn suðaði gleymsku
og ró yfir hús Söru Pardee Winchester.

Peter R. Holm (f. 1931)

Nóttin svartur hestur

Nóttin svartur hestur
kemur til að drekka
síðustu dropa ljóssins

hagarnir slokkna
skógar leggjast saman
undir gráum vindi

nóttin svartur hestur
lyftir höfði sínu:

Stjörnuband
tindrar um enni.

Melkior Pedersen – alias Willy Melkior Dahl (f. 1927)

Áþreifanlegt

L	J
Ó	Ð

Notkunarreglur: Rífið þessa síðu úr og límið hana á pappa eða karton, til dæmis kápuna á þessari bók. Þegar límið er orðið þurrt eru bókstafirnir fjórir klipptir út með skærum! Þegar allir fjórir stafirnir hafa verið klipptir út getið þið raðað þeim í þá röð sem þið viljið og fengið út skemmtileg orð eins og JÓÐL, LÓÐJ og svo framvegis.

Melkior Pedersen – alias Willy Melkior Dahl (f. 1927)

Jón Eiríkur á leiðinni út úr herberginu sad and dazy

é
ge
rný
búin
naðs
krifalj
óðumsjá
lfanmigse
mmér finnst
mjöggottogn
úerégáfullriferð
útú rherbergin
ut il að pissapa
ðfinnstmérmjö
ggott
aðge
raþegaré
gerekkiaðskrifa
ljóð það segir
bzzz

Melkior Pedersen – alias Willy Melkior Dahl (f. 1927)

Nýeinfalt

Ég kann ekki við
stúlkuna á auglýsingamyndinni
fyrir tannkremið

Hún er svo hress
og fersk
og brosandi
og hrein

En hún lagðist með ljósmyndaranum
tíu mínútum áður en myndin var tekin
á meðan auglýsingastjórinn
káfaði á brjóstum hennar

Ljósmyndarinn
hefur sagt mér það
sjálfur

Samt
vona ég
að tannkremið
eyði gulunni.

Hér er allt svo undarlegt ...

Melkior Pedersen – alias Willy Melkior Dahl (f. 1927)

Ritvélarljóð

“ ! „ # \$ % & / () = ö _
° 1 2 3 4 5 6 7 8 9 0 ö -
Q W E R T Y U I O P Ð ?
A S D F G H J K L Æ ´ *
Z X C V B N M ; : þ

Arnold Eidslott (1926-2018)

Málverkið

Og faðir minn steig út úr málverkinu
og hann lagði þyngd ára sinna á herðar mér
og bernska hans og æskuár lágu á mér
og hann lagði elli sína á herðar mér og ég hrópaði
og faðir minn steig upp í svartan tekkrammann
og hann starði athugandi á mig litla stund
og hann lagði þyngd þessa lífs á herðar mér
og aldrei framar verður neitt eins og það var.

Rolf Sagen (1940-2017)

Á eftir

Á eftir förum við út á göturnar
við erum mörg hundruð
en við getum ekki tekið allt með okkur
ég reyni að fá hugmynd að ljóði
til að túlka aðeins þetta
ljóð hafa alltaf rétt fyrir sér
ljóð geta sagt hvað sé rangt
sé það svolítið blóð
svolítið dautt
og svolítið hold sem rotnar
er það rangt
að drepa fólk er rangt
að drepa tíu manns er rangt
en að drepa tíu þúsund?

Það er hægt að yrkja um einn
mann sem deyr
það er hægt að yrkja um tíu
manns sem deyja
en að yrkja um tíu þúsund
manns sem deyja?

Sé rangt að drepa
tíu þúsund börn
hvað þá um
að drepa eitt barn?

Hér er allt svo undarlegt ...

Ég hef fengið hugmynd að
tíu þúsund ljóðum
hver getur hjálpað mér að skrifa?
þau eiga að fjalla um dautt
blóð og hold sem rotnar í sólinni

Þau eiga að segja hvað sé rétt og hvað sé rangt.

Hér er allt svo undarlegt ...

Rolf Sagen (1940-2017)

Í dag

Í dag
en alltof veikum höndum
náði ég til þín

Og þú varst föll
af rykinu.

Rolf Sagen (1940-2017)

Til gamals manns

Hvað veist þú um líf
gamli maður
þú sem hefur lifað svo lengi?

Hvað veist þú um ást
gamli maður
þú sem hefur elskað svo lengi?

Vertu ekki að horfa á mig
gamli maður
þú sem hefur séð svo margt

Og hvað veist þú
um hljómföll blóðsins
þú sem hefur talið þau svo mörg?

Brátt er líf þitt stór þögn
þú gamli maður
segðu mér heldur frá því.

Rolf Sagen (1940-2017)

Vesaas í Club 7

Þeir safnast um hann
ókunnugur maður

Dansinn hefur þokast inn á við
nú smeygir hann svörtum hesti sínum
langt inn í líkamina
blindur og minnislaus

Þögn leggst
mjúkt við þessa fætur

Síðan lyftir hann stafnum
til steinhöggs.

Stein Mehren (1935-2017)

Ég held höfði þínu

Ég held höfði þínu
í höndum mér eins og þú heldur á
hjarta mínu með veiklyndi þínu
eins og allt heldur og er haldið
af einhverju öðru en sjálfu sér
eins og hafið lyftir steini
til strandarinnar – eins og tréð
heldur þroskuðum ávöxtum haustsins eins og
hnettinum er lyft upp í gegnum hnattrúmið
þannig heldur eitthvað á okkur báðum
og lyftir okkur þangað sem vandamálið heldur
á vandamálinu í hendi sér.

Liv Holtskog (1934-2014)

Ef einhver –

En hvað á ég að gera
við hjartað í mér
sem titrandi bað
um eitthvað
til að hlýja sér við
og sem lengi
hefur beðið?

Sem hefur hrópað á líf
í eyðimörk úr steini
hefur opinberað sig
ef einhver
kynni að sjá.

Liv Holtskog (1934-2014)

Varmahlíð

Ég held það hafi verið
þegar ég sat
á svarta hestinum
og reið yfir svart hraunið
sem þú varðst mín var
í fyrsta skipti
regnið hafði fallið
í þéttum dropum
og vætt hár mitt
hettan sem ég hafði
slegið um höfuð mitt
hafði losnað
á reiðinni
og stóð út eins og regnhlíf
þú
sast brúnhærður og dökkur
á ungu hryssunni þinni
þegar
ég kastaði hárinu
aftur á hnakka
til að tala við þig
sá ég
að þú varst bara augu.

Hér er allt svo undarlegt ...

Ég fann
að það þyrmdi yfir mig
allt í einu var ég orðin
þung eins og hesturinn
sem ég sat á
þorði ekki lengur að sjá
spretti bara úr spori
og fór að harða stökki
yfir grýtt hraunið.

Kjell Gabrielsen (1928-2008)

Græni hesturinn (Ljóðrænt ævintýri)

Ég bý í borg
í blokk úr malbiki
með svölum hátt uppi
og hef útsýni yfir
lítinn grænan hest
með blá augu
og ljósrautt tagl
hann er ekki stærri
en örlítill seppi
hann brokkar milli tindanna
og bítur snjó
langt fjarri
þegar nóttin
er full af stjörnum
tekur hann undir sig stökk
út í himingeiminn
og étur stjörnu
við ný og nið
sem við ekki sjáum

Nótt eina
bað ég hann
að sækja unnustu mína
hana sem var rænt
af jötnum og tröllum
og situr nú
í berginu bláa

Hann leit á mig
með undarlegum svip
og sagði:
ég get vísað þér veginn
ef þú þorir –
svo þutum við af stað
við hentumst yfir fjöll
yfir skóga og vötn
brátt vorum við komnir
á leiðarenda
í hendinni hélt ég
á dularfullum steini
sem var glóandi heitur
og breyttist í eld
þegar við stóðum
við andyri bergsins.

Hér er allt svo undarlegt ...

Á móti okkur
ruddust jötnar og tröll
ég þeytti steini mínum
og hann varð að báli
sem hræddi þá burt
ég fann ástmey mína
og setti hring
gerðan úr hugrekki
á fingur hennar
þá þorði hún með mér

Við vorum ekki langt komin
þegar við heyrðum
niðinn
í jötnum og trölum
og öllum
undirheimaverum
ég tók upp litla öskju
og opnaði hana
þá byrjaði að snjóa
ég vonaðist til
að hylja slóð okkar
en það var eins og benda
af fjallstórum úlfum
á eftir okkur
ég smurði áburði
í hár unnustu minnar
og í næturkulinu
spruttu fram neistar
og tendruðu ljós
sem var bjart
eins og sólaruppkoman

Hér er allt svo undarlegt ...

Skyndilega
varð allt svo undarlega hljótt
við heyrðum ekki
drunurnar
lengur
fyrir birtunni
verða allar undirheimaverur
að flýja

Við komumst til baka
með græna hestinn okkar
sem elskar stjörnur.

Kjell Gabrielsen (1928-2008)

Ævintýrið um nornina og rósina

Einu sinni var rós. Í rósinni var örlítil spiladós. Og þegar fyrstu geislar sólarinnar gældu við rósina lauk hún upp blöðum sínum og spiladósin hóf leik sinn. Allir gátu heyrt það. En enginn í öllum heiminum gat fundið rósina.

Nema nornin. Hún þoldi ekkert sem var fagurt og satt. Hún var að hálfu u gla. Að hálfu köttur. Með auga sem var svartara en nóttin. Og hendur eins og kóngulær.

Hún spann vef sinn um rósina með höndum sínum og faldi hana síðan inni í myrkasta sorta auga síns. Þaðan komst ekkert hljóð. Þangað gat enginn séð.

Það var aðeins máninn sem hafði orðið vitni að þessu á braut sinni um jörðu. Hann gat ekkert sagt því að máninn er mállaus. Hann grét af sorg og tungltárið féll til jarðar sem tær kristall.

Einhver fann það og í spegilmynd þess sá hann hvað gerst hafði.

Og hann sá meira: Rósin með örlitlu spiladósina var í hjarta.

Hvað get ég gert? hugsaði hann. Getur nokkur hjálpað mér? Vindurinn hvíslaði í grasi, trjám og blómum.

Um leið vissi hann hvað honum bar að gera.

Kæru vinir mínir, sagði hann, gefið það fegursta sem þið eigið. Ég skal þá líka gefa mitt.

Fallegasta tréð gaf sín fegurstu lauf. Hafið gaf sín bestu maurildi sem lýsa um nótt. Skeljarnar gáfu sínar ljúfustu perlur. Og margir, margir aðrir færðu fram gjafir sínar.

Loks gaf hann sjálfur hið allra dýrmætasta: Hjarta sitt. Hann lagði þetta allt í skrín og beið nornarinnar. Því að hann vissi að hún þoldi ekkert sem var fagurt.

Það leið ekki á löngu uns hún kom. Skógurinn skalf, grös og blóm grétu. Jafnvel dagsbirtan óttaðist og faldi sig í grábláum bjarma. Og nornin – það hlökkuðu í henni formælingarnar þegar hún leit skrínið.

Hún beygði sig og opnaði skrínið og ætlaði að spinna um það vef með kóngulóarkrumlum sínum. Þegar hún snerti lafin og perlurnar, bráðnuðu fingur hennar. Hún ætlaði að galdra alla hlutina út í svörtustu myrkur með auga sínu. En þá svifu maurildin inn í auga hennar svo að það slokknaði. Hún sem var að hálfu ugla og að hálfu köttur varð máttvana gagnvart hjartanu sem var í skríninu. Allir töfrar leystust og rósín gat leikið á ný. En nú var til einn maður sem vissi hvar hún var.

Sem hann gekk yfir akra og engi stóðu blómin og grösín og hneigðu sig og beygðu í golunni. Það var eins og þau vildu vísa honum til vegar.

Kjell Gabrielsen (1928-2008)

Nornin í græna enginu

Einu sinni var norn. Hún var ung og fögur. Á hverju kvöldi gekk hún út að engi einu grænu. Þegar myrkrið féll yfir rann hún saman við það og hvarf. Enginn vissi hvað af henni varð.

Veiðimaður einn með riffil um öxl átti leið þar framhjá. Hann sá þegar nornin hvarf. Hann beið komu morguns. Þá sá hann að hún varð aftur að mannveru.

Hann skildi eftir vopn sitt og fór til uglu nokkurrar og bað hana að ljá sér auga. Hún gerði það. Síðan fór hann til dádýrs eins og spurði: Get ég fengið lánuð eyru þín? Hann fékk þau einnig.

Í kveldhúminu beið hann í skógarjaðrinum. Þegar myrkrið féll yfir sá hann nornina breyta sér, hún varð minni og minni, að síðustu varð hún að svartri kónguló. Hún spann kóngulóarvef sinn í grasinu. Hann heyrði að hún veiddi og eitraði með broddi sínum hvern hlátur sem orðið hafði til um daginn og lifði í grasinu – allt sem kærleikur hafði skapað. Öllu þessu breytti hún í sársauka og grát.

Hér er allt svo undarlegt ...

Daginn eftir fór veiðimaðurinn til járnsmiðs og lét smíða sér flautu úr besta stáli byssu sinnar. Um kvöldið beið hann á ný í skógarjaðrinum.

Þegar morgnaði og nornin varð aftur að mannveru lék hann á flautuna. Hann lék svo hugljúft að tár runnu niður vanga hennar.

Tárin urðu að rósum. Rósirnar urðu að eldi í hjörtum þeirra sem brenndi upp nornarhaminn.

Kjell Gabrielsen (1928-2008)

Álfurinn

Einu sinni var álfur sem lá sofandi. Hann var ekki stærri en þumalfingur. Hann hrökk upp af svefni. Það var svalur andvari í lofti. Umhverfis hann stóðu trén, grasið og blómin og voru hrygg. Fuglarnir sungu ekki. Sólin hafði falið sig á bak við ský. Hvað hefur gerst? hugsaði hann því að hann hafði sofið mjög lengi.

Norðanvindurinn fór hjá. Getur þú sagt mér hvað hefur gerst? hrópaði álfurinn. Það get ég, svaraði norðanvindurinn. Það hefur geisað styrjöld. Tvær mannverur sem elskuðu hvor aðra urðu að skiljast að. Hann kom ekki aftur. Ég veit það eitt að hann reikar um í stórum skógi. Ógnir hafa ruglað hann og glapið og hann drepur allt sem á vegi hans verður.

Nú er hún að leita hans og hún hefur villst.

Norðanvindurinn strauk nokkur snjókorn af vanga sér.

Getur ekki einhver hjálpað þeim? spurði álfurinn. Ég býst ekki við því, svaraði norðanvindurinn. Litli álfurinn sat og braut heilann. Ég ætla að hjálpa þeim, sagði hann, og ég ætla að spyrja Guð almáttugan sjálfan. Viltu hjálpa mér áleiðis? Það skal ég gera, svaraði norðanvindurinn.

Hann þaut af stað með norðanvindinum í gegnum hinn kaldasta kulda. Síðan fór hann með sunnanvindinum um hina hlýjustu hlýju. Með vestanvindinum ferðaðist hann um hið myrkasta myrkur og með austanvindinum fór hann að sólaruppkomunni. Um leið var hann kominn til Himnaríkis.

Þar hitti hann Heilagan Pétur. Getur þú hjálpað mér? spurði álfurinn og skýrði frá málavöxtum. Pétur hugsaði sig um en svaraði síðan: Veistu að mennirnir kæra sig orðið svo ósköp lítið um okkur. Þeir hafa nóg með sjálfa sig. Samt vil ég reyna að hjálpa þeim. Sjáðu nú til, sagði hann, taktu þetta fræ, og svo sagði hann álfinum hvað hann ætti að gera. Álfurinn flýtti sér þá aftur sömu leið og hann hafði komið.

Álfurinn leitaði hennar lengi áður en hann fann hana. Það var nótt og hún lá sofandi undir tré. Hann sveif niður að hlið hennar. Varlega lyfti hann öðru augnaloki hennar og stakk fræinu inn í augnakrókinn. Að morgni vissi hún hvert hún átti að fara. Það var löng leið en loks kom hún að skóginum stóra sem stóð þar þungbúinn og svartur. Þar sá hún hann. Hún varð svo glöð að hún ætlaði að hlaupa til hans. En hann þekkti hana ekki aftur. Hann reiddi öxi sína til höggs og ætlaði að höggva hana. Þá féll tár af hvörmum hennar. Í tárinu var fræið. Um leið og það nam við jörðu spratt þar upp blóm. Það varpaði af sér fagurri og skærri birtu. Felmtaður skildi hann hvað hann hafði nærri gert. Öxin féll til jarðar. Hið illa hafði misst völdin.

Hér er allt svo undarlegt ...

Nýtt vor freyddi um skóginn. Birtan hélt innreið sína. Trén, grösín og blómin teygðu krónur sínar og bikara í átt til himins. Og himinninn sjálfur geislaði í allri sinni dýrð.

Kjell Gabrielsen (1928-2008)

Lúðurnefur kóngur

Einu sinni var kóngur. Hann var stór og feitur með sítt hár og skegg. Alltaf var hann glaður og ánægður. Kóngurinn var vel liðinn því að hann var réttlátur og stjórnaði af mildi.

Kóngurinn var með langt nef. Allir í kónsættinni höfðu haft slíkt nef. Það var eins og lúður í laginu og það undarlega var að hann gat leikið á það. Á hverjum morgni fór kóngurinn út á hallarsvalirnar og lék á nefið. Fólkið gladdist þegar kóngurinn lék. Fuglarnir á hallarpakinu hlustuðu. Jafnvel trén, blómin og grösin teygðu krónur sínar og bikara og hlýddu á. Öllum þótti hann leika svo hugljúft.

Dag einn kom maður akandi í gamlaford til borgarinnar. Hann var þjófur.

Kóngurinn átti hund sem honum þótti vænt um. Kvöld eitt lokkaði þjófurinn hann með kjötbita út í skógin. Þegar hundurinn át kjötið sofnaði hann því að þjófurinn hafði sett í það svefnmeðal. Hann batt saman fætur hans og vafði bandi um skolt hans og setti hann síðan inn í bíl. Sömu nótt sagaði hann súlurnar undir hallarsvölunum næstum í sundur. Það var með naumindum að svalirnar hryndu ekki. Þegar kóngurinn steig út á þær um morguninn hrundi allt til jarðar.

Þjófurinn batt meðvitundarlausan kónginn, setti hann inn í bílinn og ók á brott. Allt hafði gengið svo hratt fyrir sig að enginn hafði getað stöðvað þá. Þegar þjófurinn hafði ekið langa stund fann hann sér fylgsni. Þar skrifaði hann miða sem hann festi í hálsband hundsins. Hann leysti bandið sem var reyrt um fætur hans. Síðan sagði hann honum að hlaupa eins hratt og hann gæti til borgarinnar, annars færi illa fyrir kónginum. Hundurinn hljóp þá af stað.

Í borginn var mikið uppnám. Þegnarnir voru svo óhamingjusamir yfir að vera búnir að missa kónginn sinn. Hvað var til bragðs að taka?

Hirðstjórinn las skilaboðin sem hundurinn hafði komið með og gjörði fólkinu kunnugt að vildi það fá kónginn sinn aftur yrði það að leggja fram lausnargjaldið fyrir hann.

Það þurfti enga þjóðaratkvæðagreiðslu. Dagblöðin og vikublöðin sem nýkomin voru út höfðu séð um að skapa hið rétta hugarfar meðal þjóðarinnar:

Fólkið vildi fá kónginn sinn aftur. Peningarnir voru settir í stóran poka. Hundurinn tók hann í kjaftinn og hljóp af stað með hann um nóttina eins og þjófurinn hafði sagt fyrir um. Hundurinn rataði án minnsta erfiðis. Þegar hann var kominn alla leið þreif þjófurinn pokann, leysti bandið af fótum kóngsins og sparkaði honum út úr bílnum.

Þjófurinn hló með sjálfum sér þegar hann ók á brott. Hann hugsaði um allt það sem hann ætlaði að fá sér fyrir peningana. Síðla að kvöldi næsta dags stansaði hann við stórt tré og lagðist til svefns undir því. En það sem hann vissi ekki var að trén, blómin, grösín og fuglarnir vissu allt.

Tunglið og stjörnurnar lýstu skært.

Í fyrstu morgunskímunni meðan þjófurinn var í fasta svefni, lutu greinar trésins varlega niður, leystu bandið af pokanum og fleygðu peningunum upp í loftið.

Þá tóku fuglarnir við, gripu þá með nefjunum og flugu burt.

Hér er allt svo undarlegt ...

Það var búið að gera við svalirnar og sama morgun þegar kóngurinn kom út á þær til að leika á nafið sitt tók að rigna gulli úr skýjunum. Það varð mikið uppnám en í þetta sinn vegna þess að allir fengu peningana sína aftur.

Og kóngurinn lék betur en nokkru sinni áður á langa nafið sitt.

Kjell Gabrielsen (1928-2008)

Tartaramóðirin

Ég var barn. Ókunnur maður sagði mér sögu.

Hún var um móður og dóttur hennar. Bros móðurinnar voru ekki sem sólskin, tár hennar voru ekki sem perlur.

Þær voru af flökkuaðttum og gengu betlandi milli húsa.

Kvöld eitt er þær völdu sér áningarstað veiktist dóttirin. Sótthitinn herjaði á líkamann. Brátt skyldi hún deyja.

Móðirin vakti yfir beði hennar. Hún vildi allt til vinna að bjarga dóttur sinni.

Stjarna lýsti upp himinhvolfið. Stjörnuhrap og móðirin óskaði dóttur sinni lífs. Stjarnan féll niður rétt við fætur hennar. Móðirin lyfti henni upp og stjarnan hvíslaði:

Þú verður að vera fljótari en dauðinn. Flýttu þér af stað til garðs lífs og dauða. Þar skaltu tína blóm af tré lífsins og snæða ávöxt af tré dauðans.

Þegar hún var komin alla leið gerði hún það sem stjarnan hafði sagt henni. Hún tindi blóm af tré lífsins og snæddi ávöxt af tré dauðans.

Hér er allt svo undarlegt ...

Um leið stóð hún við hlið dóttur sinnar. Rétt áður en dauðinn ætlaði að leggja kalda hönd sína á hjarta hennar gat móðirin stráð blómum sínum yfir hana.

Nú gat dauðinn ekki náð til dótturinnar. Dóttirin tilheyrði nú lífinu en móðirin dauðanum. En tár móðurinnar voru sem perlur og bros hennar sem sólskin.

Kjell Gabrielsen (1928-2008)

Gullflautan

Dag einn þegar ég ætlaði í veiðiferð fékk ég lánaðan hund nágranna míns. Hann hafði fengið þennan hund fyrir skömmu. Langt uppi á fjallendinu komum við að vatni þar sem ég reyndi fiskisæld mína. Ég hafði ekki fyrr kastað línunni en bitið var á. Feitur urriði spriklaði á önglinum. En þetta var líka sá eini sem ég fékk.

Síðar um daginn þegar ég var orðinn hungraður hreinsaði ég fiskinn og bjó mér máltíð. Fann ég þá í maga hans gullflautu. Að lokinni máltíðinni lagðist ég niður til hvíldar. Hugsanir mínar snerust um þessa gullflautu áður en ég sofnaði. Ég hafði sett hana í vasann og dregið rennilásinn fyrir.

Þegar ég vaknaði sá ég konu eina sem stóð við hlið mína. Það vill þó ekki svo til að þú hafir fundið gullflautu hér? spurði hún. Er það þessi? sagði ég og sýndi henni gullflautuna. Það er hún, svaraði konan. Gætirðu ekki tekið af hundinum hálsbandið? spurði hún í sömu andrá. Hvers vegna ætti ég að gera það? vildi ég fá að vita.

Hún hugsaði sig um litla stund en sagði síðan kyrrlátlega: Ég er ekki af mannaættum. Maðurinn minn hafði fengið gefna gullflautu frá föður mínum. Dag einn er við vorum á þessum slóðum týndi hann henni. Faðir minn varð svo reiður að hann breytti honum í hund. Þegar honum rann reiðin sá hann eftir því en þá var það orðið of seint. Menn höfðu handsamað hundinn. Hann var kominn með hálsband og þá duga engir töfrar okkar.

Þá sá ég huldukonuhalann sem gæðist niður undan kjólnum.

Í undrun laut ég niður og leysti af hundinum hálsbandið. Um leið varð hann að huldumanni. Aldrei á minni lífsfæddri ævi hef ég verið svo hræddur. En þegar ég sá gleði þeirra yfir að sjá hvort annað varð mér öllu rórra. Ég skilaði þeim einnig gullflautunni.

Þau þökkuðu mér og buðu mér síðan með sér því að nú ætluðu þau að halda gestaboð. Ég þáði þetta boð. Huldukonan blés þá í gullflautuna og í sömu andrá stóðum við á hlaðinu við bóndanbæ einn. Í stórstofunni voru borð upp sett. Við fengum mikið af góðum mat og sterkum veigum. Margt og undarlegt fólk kom þarna. Ölið var sterkt og ég sofnaði að síðustu. Ég vaknaði við svalan blæ í lofti. Við fætur mér lá hundurinn og hvíldi hausinn á fótum sér. Sólin var að síga bak við fjöllin í vestri. Þetta var undarlegur draumur.

Hér er allt svo undarlegt ...

Ég lagði af stað heim á leið. Á leiðinni gáði ég í vasann að gullflautunni. Hún var horfin. Hjarta mitt sló hraðar og ég gaut augunum til hundsins. Skyndihugdetta fékk mig til að lúta niður og leysa af hundinum hálsbandið. Hann þaut af stað og síðan hefur ekkert til hans spurst.

Marie Takvam (1926-2008)

Dýpst kropið á kné

Ég vil dansa
ég vil dansa fyrir þig
í skini náttlampans
kjólinn losar þú af mér
og hárið fær að falla frjálst

Ég vil dansa ungan dans
eftir söngnum inni í mér
og eftir tónum spenntra strengja

Þú skalt vera nálægt
þú skalt falla á kné
við fætur mér
þú skalt liggja á hnjánum
í hálfbirtunni
lengi

Karlmaður á hnjánum
frammi fyrir dansandi konu
dýpst kropið á kné
og eftirvæntingarfyllst.

Hér er allt svo undarlegt ...

Arild Nyquist (1937-2004)

Augað

Á daginn
horfist ég
í augu
við sólina

Á næturnar
sé ég
augað
hans föður míns.

Hér er allt svo undarlegt ...

Arild Nyquist (1937-2004)

Málverk

Myndin opnaðist
ég
gekk inn í
hana með
veiðistöngina mína og
veiddi
spörfugl
gulan spörfugl.

Arild Nyquist (1937-2004)

Ó, jólasveinn

Ó, jólasveinn – sendu
mér regnkápu
sem ekki er götótt! Sendu mér
tíukrónu-kúlupenna
fullan af bleki
og skrúfjárn
sem ég get gert svolítið við
heiminn með!

Hér er allt svo undarlegt ...

Arild Nyquist (1937-2004)

Þegar

þegar kráka
missir pabba
sinn er
sorglegt
að vera kráka.

Ingebjörg Kasin Sandsdalen (1915-2003)

Að enni voru

Eins og formæling
töfraformúla
heyrist orðið Víetnam
eins og messa
undarlegra atburða
dulmálstákn
þess sem eyðir

Frelsarar erum vér
en rótlausir
án persónuleika
vér afberum ei lengur
hið fagra
vér dreypum á orðunum
eins og áfengu eitri
vér sem förum yfir landamærin
í Víetnam

Vor eigin ófæddu afkvæmi
hrópa ekki á oss
hrópa ekki
þessar ungu konur
með barnlausa arma
þessir mýrarmóar
rétt hjá

Hér er allt svo undarlegt ...

...

Víetnam
alls heimsins
að enni voru!
allt þetta fólk með sína
molddimmu húð
fólkið – allt þetta stolta fólk
með hátt nefið
Síbería og Tíbet
Alabama
að enni voru!

Ingebjörg Kasin Sandsdalen (1915-2003)

Bál

Þessi spjöld skulu ekki
eyða plássinu í bókaskápnum
fá ekki að standa við hlið
gömlu hetjanna
í morgunskímunni lýsa
litríkir kilirnir
til mín
Dostojevskí, Wergeland, Bunyan
og allir þessir rólyndu
frægðarmenn

Það er sárt fyrir
þessi fögru spjöld
sem eru eins og silkimöttlar
ýtt burt
eins og þegar lífið
vísar deyðandi vefjum burt

Eldurinn og nóttin bíða
bíða hinna litlu
sveiflandi hnatta
í efsta dálki
til vinstri
blaktir eldur
í ofni stjarnanna

Nú
það er bókin
eins og trjábútur
í rauðum glóðunum
hikandi tungur
rísa upp
og hörfa til baka
með miðaldalegum skrípahætti
blöðin verpast
og bólgna
sífellt nær eldinum

Reykurinn lyftir
tveimur gammsvörtum vængjum
yfir hvíta logana
brakandi heslibúnt
þungir smellir í eldinum
eins og þegar reikandi aldinborri
skellur á vegginn

Stíf spjöldin
verða rauð eins og
brennisteinskvikasilfur
og blöðin skiljast að
eins og þeim sé flett
bókin verður gömul
og nógu merkileg til að hafa í skáp
eins og hundrað ára postilla

Hér er allt svo undarlegt ...

Það er gott að skrifarinn er
ekki hér núna

Kannski uppsker hann
einhvern tíma meira lof
fyrir litlu
syndsamlegu
postilluna sína.

Ingebjörg Kasin Sandsdalen (1915-2003)

Borg friðar

Ó, bið um frið
fyrir það sem við byggjum
það sem við ætlum að gróðursetja
þótt svo óvinur
gangi um akurinn
og illgresið vaxi
í sporum hans

Frið fyrir hina útreknu
til að rísa upp
og varpa af sér hlekkjunum
frið til að taka fram
mælistikuna
og skipta niður landinu
áður en það verður um seinan

Frið til að setja upp
vogarskálarnar
og deila út réttlætinu
það er nóg af gullskálum
fyrir alla

Hér er allt svo undarlegt ...

Frið til að stöðva
pyntingarnar
fingur djöfulsins

Frið til að kveikja eld
gegn frostinu
byggja borg
friðar.

Ingebjörg Kasin Sandsdalen (1915-2003)

Handan við strönd þína

Einhvern tíma mun auga þitt

leita

aftur

frá

formleysunni

frá dragsúgi

hinna sundursprengdu forma

munt þú fylgja

skrúfstiganum

til vinsemdarinnar í hinu sanna

Í hinu kvika flóði sjávarfallanna

fljóta ismarnir eins og þörungar

ef þú ferð

út í dropasteinshellinn

og sérð vott tímans

í deplandi steinauganu

munt þú finna þar

þitt eigið andlit

þitt eigið ráðvillta andlit

Hér er allt svo undarlegt ...

Ef þú fengir að sjá
að þú ert hluti heildarinnar
og að ljósið hvílir í myrkrinu
handan við stönd þína
við þessa strönd má finna leir
til að byggja úr eitthvað
af framtíðinni.

Ingebjörg Kasin Sandsdalen (1915-2003)

Meðan ég er hér

Vér flytjum til
eigur vorar
þessi lykill
er til að opna dyrnar
mínar
þessar dyr
opnast inn í
húsið mitt
þetta hús mitt
rúmar
það sem ég á
það sem ég hef
safnað að mér
ég þurrka ryk
í kringum það
aftur og aftur

Lófarnir slitna
af höndunum á mér
skorpna
eins og múmíur
í grám umbúðum
vanans

Og ég læt það gerast
eins og
ekkert væri
án þess að huigsa um
að litirnir breytast
í tíglóttum bökkunum
sólir áranna hafa
snert glerið
lagt dýpri
lit í viðinn
dálítið af purpuragljáanum
úr samanrúlluðum
gluggatjöldunum
liggur eftir yfir
ávölum bókakjölum

Máninn leggur
kóngulóarvef sinn
yfir gólfþiljurnar
og borðið
ýtir skugganum af gluggalistanum
óendanlega hægt í
glitrandi nóttum fulls tungls

Meðan ég er hér
enn er hér
og flyt til eignirnar
á þær
raða þeim í kringum mig
eins og múrvegg

Hér er allt svo undarlegt ...

Læsi þær inni
þykir vænt um þær
einhver á að eignast
þær eftir mig
virða og raða
þeim upp
eftir smekk

Ef þær safna á sig
öllum sólarlitunum
og ljósaskiptunum
slær norðurljósunum
af fágúðum kristalnum
á norðurvegginn
hinar miðnæturdimmu stundir
þegar litirnir sofa.

Ingebjörg Kasin Sandsdalen (1915-2003)

Spyr hjartað

Ég heyri að fuglar óttunnar syngja
það gerir sá sem ferðast
mót svölum hlíðum
eitthvað sem hefur verið
fer framhjá mér
í kyrrðinni

Mildir vindar
líða yfir grjótlæmin
þar sem hesturinn stendur
með álútt höfuð
við blindstólpann

Spyr vindinn
hvað hann viti
um vot fræin

Spyr hestinn
hví hann standi
eins og bundinn

Spyr hjartað mitt, vinur
hvernig því líði
þegar óttufuglarnir syngja.

Halvor J. Sandsdalen (1911-1998)

Af manndráparaætt

Við erum mörg
skyld
manndráparinn
segir ættfræðingurinn
hann situr með gerðabókina

Einnig þú
fingurinn bendir
á mig
einnig þú
ert af manndráparaætt

Ég?
hlátur gamlingjans vellur fram
vissirðu það ekki?
hélstu að þú værir frjáls
eins og barn í móðurkviði?
ég er með þig
í bókunum mínum

Fingurinn bendir
einnig þú
ert af manndráparaætt.

Halvor J. Sandsdalen (1911-1998)

Bannað að betla við húsdyr

Brauð
sagði betlarinn í loftinu
orðið sveif
eins og slökkt lugt
yfir honum
þegar hann féll í götuna
og allt sotnaði

Sterkur maður
stendur í dyrunum
og blæs í
kjúkur sér.

Halvor J. Sandsdalen (1911-1998)

Í dag

Eftir sjö þúsund ár
er þessi klukka
aðeins einni mínútu
of sein
segir vísindamaðurinn
hreykinn
sjö þúsund ár
og aðeins einni mínútu
of sein ...

Hvað varðar mig um það
hvort klukkan sé einni mínútu
of sein
eftir sjö þúsund ár?

Í dag byggir þrósturinn hreiður
undir þakinu okkar
syllan við búrvegginn er í blóma
og hagin hvítur
af kirsuberjablómum

Hér er allt svo undarlegt ...

Í dag raular kona
í baðinu
hvað varðar mig um það
hvort klukkan sé einni mínútu
of sein
eftir sjö þúsund ár?

Halvor J. Sandsdalen (1911-1998)

Í niði Þjórsár

Ragnhildur Greipsdóttir!

rís upp úr öskunni

og þerra brjóst þín

í ágústvindinum

Hann hefur byggt keilur yfir þau

meðan þú svafst

í þúsund ár

Bær ykkar mannsins þíns

er grafinn upp

og axirnar taldar fram

eldtangirnar liggja á arninum

eins og nóttina

sem þið reynduð öll

að flýja örlögin

Nýtt vatn

er komið í steinkerið

og hringurinn eftir kornámuna

er sýnilegt í skemmunni

Hér er allt svo undarlegt ...

Nógu lengi
hefur vindurinn
byggt keilur sínar
yfir þig og ambáttirnar
á þessari eyðimörk
nógu lengi
hafa Meyjarbrjóstaslétturarnar
í Þjórsárdal
geymt sína dauðu

Guð veit hvað þið hélduð
sem reistuð hér bú
í eldskininu
frá Heklu
í niði Þjórsár.

Hér er allt svo undarlegt ...

Kjell Röseth (1934-1999)

Vesaas

Svo mörg orð
þurfti sem sé
til að skapa kyrrðinni
nógu stórt rúm
umleikis það sem aldrei var sagt.

Kjell Röseth (1943-1996)

Þúsundfætla

Þúsundfætlan
skoðar framlínuna
áttar sig þegar í stað
á kringumstæðunum
skipar: Byssur
um öxl!
stutt umhugsun
þangað til allt liðið
fer á hreyfingu
til hliðanna
aðeins sá sem skipar
hefur fulla yfirsýn
veit hvert leiðin liggur
hinir treysta blint
á foringjann
það er hann
sem ræður yfir höfðinu.

Erling Christie (1928-1996)

Credo - ég trúi

Sín trú
er gefin hverju tilefni:
barnatrú sovéttrú
jesútrú schweitzertrú notatrú
sunnudagatrú

Sumt mælir með trúnni:
hvers vegna ættum við ekki
að lofa í hrifningu
ú tjaskaðar bölvánir sannfæringarinnar?

Hvers vegna ættum við ekki
að taka með gleði þátt
í skruðgöngunni
sem ætlar að skoða heiminn?

Sumt mælir með trúnni:
trúin bjargar heiminum
barnatrú sovéttrú
jesútrú schweitzertrú notatrú
sunnudagatrú

Hér er allt svo undarlegt ...

En sá sem efast
skal ekki örvænta
enn eiga einhverjir eftir
að trufla svefn heimsins
með heilögum hversdagslegum efa.

Hér er allt svo undarlegt ...

Ulf Jakobsen – alias Jan Anker Fröydarlund (1911-1996)

Í klefanum

Einmana
með söng í hjarta

Söng og þakklæti
gagnvart þeim
sem gáfu honum jafnvægið aftur
öryggið

Við það að vera fangi hér.

Ulf Jakobsen – alias Jan Anker Fröydarlund (1911-1996)

Gítar

Hann fær kvenlíkama að láni
hjarta sem slær ákaft
af ást eða kvöl
uppreisn eða villtri gleði –

Hann vílar ekki fyrir sér að segja
grófan eða harmþrunginn sannleika
og egna til orrustu þeim sem þjáast

Hann er það hljóðfæri
sem helst getur búist við fangelsisdómi

Hann býr ekki yfir neinni háspeki
– gítarinn –
rödd hans hrífur
gælir ákærir huggar

Þetta er mennsk rödd

Hér er allt svo undarlegt ...

Fyrir honum er tíminn ekki slagorð
eða kerfisreglur – nei, einfaldur
– að syngja um ástina
sem kemur
 sem fer
og um friðinn sem dreymir
undir ólífutrénu

um frelsið sem slítur sig burt
úr uppsettum takmörkum
erfðavenjunnar –

Strengir gítarsins eru rétt hjá hjarta mannsins
sál hans elskar alla sem dansa.

Hér er allt svo undarlegt ...

Sigmund Mjelve (1926-1995)

Smásaga

Rétt eins og snerting í háu grasinu
merkingarlaus hamingja

Síðar kólnaði
og sólsetrrin urðu koparrauð

Þegar bátarnir blésu á sundinu utan við
fengum við löngun til að fara langt í burtu ...

Gunvor Hofmo (1921-1995)

Hvað veistu ... ?

Hvað veist þú um dauðann
þú sem grætur hann sem óraunveruleika utan við þig
eins og gröf – eins og kistu!
dauðinn er ekkert daður við tár
engin höfn ósigra þinna
dauðinn er brostin augu sem urðu veruleiki í þér
dauðinn er blóðugar frumur sem urðu reiði í þér
dauðinn er Guð sem streymir í gegnum allt með dýpt
sinni
sem vaggar börnum sínum í eilífri þögn
meðan allt hlustar
dauðinn er gránandi hús djúpt inni í rökrinu
og vindar sem stíga upp frá allri heimsins sorg
og allri fegurð
dauðinn er nafnlaus eymsli í brestandi brumhnöppum
og fugl sem flýgur ...

Hér er allt svo undarlegt ...

Gunvor Hofmo (1921-1995)

Kringum múr

Ekki blind!
hrópar litla barnið

Ekki dain!
hrópar grænn septembermánuðurinn

En þögn múrsins
er dain
er grátur hins blinda.

Gunvor Hofmo (1921-1995)

Draumóramenn næturinnar

Ég mæti augum draumóramanna
ég heyri raddir draumóramanna
gegnum þessi votu suðandi kirkjugarðstré
og fólk á bekkjunum
sem hlustar

Preyту sína ber það með sér
eins og þunga lykla
þreyta þess titrar
í sárri eftirvæntingu:

Brátt skal það mæta
byrði glötunar sinnar
gegnumgeislað og skilið við hásæti skýrleikans
brátt skulu hinar myrku myndir falla
eins og gullin epli í hönd djúpsins

Söngur draumóramannsins
ég mæti allsstaðar augum draumóramannsins

Draumóramenn næturinnar
með þroskuð
þroskuð hjörtu.

Hér er allt svo undarlegt ...

Gunvor Hofmo (1921-1995)

Þetta er vorið ...

Þetta er vorið:

birtan sem full þjáningar

dregur þig að öllu sem hljóðlaust er

Legg hönd þína á trjábörkinn:

eins og þér blæðir honum

legg enni þitt að steini merkurinnar:

eins og þig nístir kuldinn hann

hlustaðu á þögnina

hlustaðu á loftið:

eins og þú er það hjálparvana.

Olav H. Hauge (1918-1994)

Vegurinn þinn

Enginn hefur varðað veginn
sem þú átt að fara
til hins óþekkta
til hins fjarlæga

Þetta er vegurinn þinn
aðeins þú
átt að fara hann
og það er
óráðlegt að snúa við

Og ekki varðar þú veginn
ekki þú heldur
og vindurinn fyllir í sporin þín
í auðu fjallinu.

Hér er allt svo undarlegt ...

Olav H. Hauge (1918-1994)

Færið mér ekki allan sannleikann

Færið mér ekki allan sannleikann
færið mér ekki hafið við þorsta mínum
færið mér ekki himininn þegar ég bið um ljós
færið mér heldur ávæning, leiftur, dropa
eins og fuglarnir flytja með sér vatnsdropa úr lauginni.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Ófægð rúða

Andspænis öllum þessum máluðu steinveggjum
andspænis snjó skjalanna
og andspænis stormviðri ritvélanna í herberginu
skín rúða úr ófægðu gleri
inn í bjarta, bjarta skrifstofu

Ekkert sólskin er skærara
og enginn dagur er blárri
en það sem sést móta fyrir
handan við óskyggðan, hvítan skuggaleik rúðunnar

Skjölum snjóar og snjóar
það niðar í fjarlægum handlaugum
yfir bogin bökin
gegnum daufa rúðuna
grillir í ský á flóttu.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Sérkenni

Það er ekki
skvett hjólbarðans á regnvotu malbikinu
sem er sérkenni borgarinnar

Það er ekki
skrap mjólkurvagnsins við gangstéttarbrúnina
alskýjaða morgna. Æðandi lestir

Það er ekki
hljóðlátur blossagangur ljósaskiltanna
yfir lifandi árstraumnum
eða glitrandi perlubönd
boglampanna

Klingur glasanna
í stórum bramlandi veitingastofum
hráslagalegt flaut eimskipanna í höfninni

Tvö stutt og eitt langt, tvö stutt og eitt langt

Það er ekki svæfandi
söngur næturlestarinnar á götum sem þú þekkir ekki
saxófónn á 5. hæð

Hér er allt svo undarlegt ...

Nei –

Sérkenni borgarinnar

hvínandi æðaslátt borgarinnar

muntu skynja einhverja nóttina

þá nótt

er þú í fyrsta sinn

gengur einn og vondapur

það hækkar eins og gjallandi háð að baki þér

upp af götusteinunum:

Þitt eigið skröltandi fótatak.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Lúðraþytur

Hefurðu séð lyftikranana hífa upp gargandi
járnbitana?

Hefurðu heyrt glaðlegan söng sleggjanna
á svignandi bjálkunum?

Hefurðu séð stálgrindurnar breiða úr sér í loftinu
eins og rauðir kniplingar í sólskini?
hefurðu heyrt trumbuslátt lofthamranna á naglanum
frá skinnum, húsum, háum járnsíðum skipanna?

Þá hefurðu séð snarkandi fána
stríðsins á lofti!

Þá hefurðu heyrt vélbyssurnar
dæla stáli sínu í hjarta óvinarins!

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Raunveruleiki

Dagurinn sem við höldum dauðahaldi í
búðirnar þar sem við kaupum falleg föt. Ferðalög sem
við ætlum
að fara í innan skamms
ys gatnanna. Regnið sem fellur á
gangstéttirnar í húminu
er draumur
nóttin og svefnleysið
peningaáhyggjurnar
hamingjan sem ekki kemur
er raunveruleiki

Öryggi hinna stóru freyðandi samkoma
hraðinn
öskur hljómsveitanna og þykk spennandi dagblöð eru
draumur og skuggi
augu þess sem biður
hendur þess sem er kalt
fótatak fjöldans sem reikar
hungraður um stórborgirnar
er raunveruleiki

Hér er allt svo undarlegt ...

Langar forvitnilegar ræður. Rökin
(annars vegar og hins vegar)
kirkjurnar, prestarnir, lúðraþyturinn
trommurnar, hljómfallið, straumurinn sem ber oss
áfram er draumur

vélbyssurnar
blóðakrar og leðjan. Ópið þegar þú
kvöld eitt vaknar til sársaukans
snjór sjúkraskýlanna
fjöldagrafirnar
eru raunveruleiki

Torfið sem grær
grasstráin sem hneigja sig mjúklega í blænum
söngur bylgjanna
er raunveruleiki.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Landslag með skurðgröfum

Þær éta af skógunum mínum
sex skurðgröfur komu og átu af skógunum mínum
Guð hjálpi mér hvernig þær eru ásýndum
höfuð
án augna og augu á bakinu

Þær sveifla kjöftunum á löngum hálsi
það eru fíflar í munnavikunum

Þær éta og hrækja, hrækja og éta
því að þær eru ekki lengur með kok, aðeins stærðar
kjaft og skröltandi maga
er þetta einhvers konar helvíti?

Fyrir vaðfugla? Fyrir hina alltof gáfuðu
pelíkana?

Þær eru með blind augu og hlekki um fætturna
þær munu starfa um aldir, tryggja bláklukkur
og breyta þeim í malbik. Hylja þær með skýjum af
fitugum
reyknum úr púströrunum
og kaldri sól ljóskastaranna

Enginn háls, engin raddbönd, engar kvartanir.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Verslanahverfið

I.

Glerbúðin selur ósýnilegar vörur
þær klingja eins og slaghörputónar
og eru viðkvæmar eins og blöðrur á þangi
það er hús geðklofanna sem eru
kólnaðir innvortis og eiga tilkomumikla drauma
hinna þunglamalegu sem eru hringaðir utan um sjálfa
sig

Glermaðurinn lifir í ríki ljóssins
fullu fegurðar, en er geldur
eins og fagurfræðingur

Skrift á gleri
er eins og regn í augunum.

II.

Járnvöruhíllurnar eru sknúðhús
mannshugans
þar tóna hin heilögu ílát
þau sem ákvarða líf okkar. Kastarólurnar
bæði þær glerjuðu og þær sem leiftra
af gráu stáli

Þar eru hugmyndirnar úthugsaðar af vitringunum sjö
fyrir okkur. Hamarinn til að reka þær
inn
og töngin til að draga þær út aftur
og sandpappír

Flugeldaverslun til vinstri og skotvopn
beint á móti.

III.

Saumabúðin er lítið kaffihús
ástarævintýranna. Þess vegna þjónar hún
viðhaldi lífsins
það geta verið ýmis konar faðmlög
fólgin í gljáandi þjónum
og djúp ást
í þjónatreyju og grænum trefli

Þarna er verslað með leynilegar uppskriftir
og töfrarúnir handa sálunum
góð ull ilmar eins og ungur frjóangi
sef og vökvi hjartans.

IV.

Málningarvöruverslunin er betur við mitt hæfi
hún afgreiðir hin leynilegu lyf jarðarinnar
gult okkur, terpentínu og leirblátt
angandi af úldnun og fæðingu
– apótek fyrir heilbrigðina í heiminum
einu sinni var málningarsali
sem giftist saumasölu konu. Þau urðu
að göfugum glitvef
og mjög gömul. Ófu sig hvort að öðru
með björtum og dökkum þráðum í mynd af hjörtum
undir eikartrjám og gránuðu saman
í silfri og grænku.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Gamlar konur

Ungu fótliþru konurnar – hvað verður af þeim?
þær hafa hné eins og litla kossa og sofandi hár

Löngu síðar þegar þær eru orðnar hljóðlátar
gamlar konur með grannar hendur og ganga hægt um
tröppurnar
með stóra lykla í veskinu og líta í kringum sig
og tala við lítil börn við kirkjugarðshliðin
í ókunnu stóru landi þar sem veturnir eru langir
og enginn skilur lengur mál þeirra

Hneigðu þig djúpt og heilsaðu þeim af virðingu
því að ennþá bera þær það með sér eins og angan

Leyndur herpingur í kinn, titrandi taug einhvers staðar
í lófa – kemur upp um þær.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Undir háum styttum

Þær valda sársauka, þessar endalausur raðir af lífverum
í lituðum klæðum milli vélanna, næstum eins og stríðið
það eru þær sem dauðinn hefur í dag gefið örlítinn frest
svo að þær geti keypt sér svolítinn ost og staulast áfram
milli rafmagnsgirðinga úr speilgleri
sem valda þessum svala draumvotti:
óskaðu þér eins hlutar, óskaðu þér hlutar, óskaðu

Svo að vér getum þraukað enn eina stund
og komist út úr bíóunum, rauð af neonljósum
á enninu og fingrunum og safnast ráðvillt saman
undir háum styttum sem fljúga hjá sem skuggar sjálfra
sín
eldsnögg eins og arnarvængir.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Kyrrðin á eftir - - - (brot)

Reynið nú að ljúka
áróðursbrellunum og sölutölfræðinni
helgarmorgunmatnum og skarnaofnunum
ljúkið af tiskusýningunum og stjörnuspánum
hersýningunum, húsagerðarsamkeppnunum
og þessari þreföldu röð umferðarljósa
klárið það og ljúkið
hátíðarundirbúningi og átta raða
getraunaseðlum
vísitölufjölskyldum og markaðsrannsóknunum
því að það er áliðið
alltof áliðið
ljúkið því og komið heim
til kyrrðarinnar á eftir
sem mætir ykkur eins og blóðbuna á ennið
eins og þruman á leiðinni
eins og högg voldugra klukkna
sem láta hljóðhinnuna skjálfa
því að orðin eru ekki lengur til
það eru ekki til fleiri orð
héðan í frá á allt að tala
með röddum steina og trjáa

- - -

Hér er allt svo undarlegt ...

Kyrrðin sem býr í grasinu
neðan á hverju strái
í bláu bilinu milli steinanna
kyrrðin
sem kemur eftir skotin og eftir fuglasönginn
kyrrðin sem leggur ábreiðu yfir hinn dauða
og bíður í tröppunum þar til allir eru farnir
kyrrðin
sem leggst eins og fuglsungi milli handa þinna
þinn einasti vinur.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Hægt ...

Myndir af ómælanlegum löndum
sandfok, bronslitaðir himnar
skulu haldast til eilífðarnóns, vindurinn
lyftir litlu sandkorni upp á stein
regnið skolar því á brott

Þannig er andlit jarðarinnar milli stjörnumyndanna
hulið gleysku – hægfara
eins og steinarnir eru gjörðir Guðs við oss
dagur skal koma sem rós – dagur sem eldur
allt tekur sinn tíma
eftir þúsund ár
er snigillinn kominn að trénu

Ég sé gamalt regnviðri ganga lotið yfir land kvöldsins
og leita grönnum fingrum að týndum hlutum
því sem enginn man lengur – þögninni milli stránna
hálfsgöð orð, brotum þess sem glatað er, hugsunum
sem næstum enginn hefur hugsað, hinum þöglu
grasvegum og svefni sem sofinn er
öðru hverju

Hvar finnum vér nú
það sem tengt getur hið dreifða
stíginn í stjörnunum, leiðir áttavitanálarinnar
eða línurnar í lófum allra stúlkna
sem líkjast vindinum sem blæs um rósirnar?
Því að það er orðið áliðið

brátt ber áin myndir mínar út
áshlíðar, spegilmyndir húsa, elskað andlit
ber hún til hafsins. Allt á að hreinsa
orðalaust og hnötturinn hneigir
sig rólega að nóttu og degi
einhvers staðar þeytir vindurinn nú þegar morgninum
inn í skógana
einhvers staðar hverfa útlínur klettsins ómerkjanlega inn
í nóttina.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Í skógum verslananna

Gú-gú segir gaukurinn í peningakassanum
girnilegt er vorið í skógum verslananna
ilmandi af leðri, berjum, sápulitum og ullarströngum
og fuglakliður er leikinn af segulbandi milli níu og sextán
og svín og pelsdýr eru stöðugt felld með hljóðlausum
skotum

Speglaðu þig í litla stöðuvatninu okkar
úr silki – brostu við öllu

Því að önnur himnaríki eru ekki til en þessi
ævintýraströnd handan glersins sem snýr að öllum
strætum
og engir aðrir skógar þar sem þú getur reikað frá jólum
til júlí í mýrinni svo glaður, örstutt andartak
á þessari jörð (Gú-gú)
sem er stjarna (Gú-gú)
og nú er vor.

Rolf Jakobsen (1907-1994)

Það er barið

Högg högg þeir vilja komast inn til þín það er barið
harkalega á allar dyr glugga það er barið
hræðslulega óttaslegið það er barið
inni í kjúkum þínum brjóstkassa þínum
æðaslögin hjarta þínu það er barið
úti á götu yfir himni jörð
stimpilhögginn skipaskrúfurnar lestar-
teinarnir í hálsi þínum
umhverfis múrana þeir vilja komast inn
gegnum gluggana dyrnar örvæntingar-
fullt það er barið
skelfingu barið þorsta og hungri
barið dag og nótt óstöðvandi
á hljóðhimnur slagæðar enni þitt
barið barið
– getur þú náð andanum?

Rolf Jakobsen (1907-1994)

En vér lifum

– En vér lifum af
stórmarkaðina og ostahyllurnar, og við lifum
undir þoturákunum í gylltum maímánuði
og í reykmettuðum borgum
og vér lifum með hósta bensíndælunnar og skellum
bílhurðanna
vér lifum af
sjónvarpskvöld gullinnar aldar
yfir steinsteypunni, bak við vikublöðin og á
bensínstöðvunum
vér lifum
í tölfraeðiyfirlitunum og á kjörskránni þegar kosningaár
er. Vér lifum
með blóm í glugganum
þrátt fyrir allt lifum vér í skugga
kjarnorkufræðilegra útrýmingar-
hótana vetnissprengjunnar
svefnleysi. Vér lifum
við hlið þeirra soltnu þeirra sem
deyja í milljónatali, lifum
með þreytu í hugsun vorri, lifum
ennþá, lifum
óskýranlega dulrænt, lifum
lifum
á stjörnu.

Gunnar Lunde (1944-1993)

Sprengjan

Þegar þeir slepptu sprengjunni
í höfuðið á mér
varð ég til að byrja með
fálmandi örvinglaðir handleggir
mót geislavirkni loftsins
en síðan
urðu blaðafyrirsagnirnar
sífelld minni
og minni og minni
þangað til ég gleymdi
hvað komið hafði
fyrir mig
þangað til dag einn
að brakaði svo undarlega í höfðinu á mér
ég skoðaði mig í speglinum
og sá
strývöndul sem þaut ýlfrandi
að höfði mínu
hélt ég fyrst
en síðan uppgötvaði ég
að höfuðið á mér var sprengja
hvenær umskiptin
höfðu orðið
vissi ég ekki nákvæmlega.

Gunnar Lunde (1944-1993)

Að elska

Afgerandi
brosa líkamar okkar
hlýlega hvor upp við annan
þrýsta holdi að holdi

Ómerkjanleg
köld óró
í öllu því hlýja
sem við viljum veita hvort öðru

Net
bannsettra áreitinna augna
fjarlæggra óþekktra lífvera
leggst yfir nautn okkar

Eistu mín
hanga að aflokinni girndinni
eins og nýdauðir barnsfætur
úr nýdauðu móðurlífi
í undarlegri veröld
hinum megin á hnettinum.

Gunnar Lunde (1944-1993)

Apartheid

Hvítir í einum bás
svartir í öðrum bás
gulir í þriðja bás
Gyðingar
(þeir sem enn eru eftir)
í fjórða bás

Hinn góði í sér bás
hinn slæmi í sér bás

Launaflokkur tólf
í bás númer níu
launaflokkur tuttugu
í bás númer fimmtán

Hér er allt svo undarlegt ...

Gamla unga
 léttu og þunga
litla stóra
 dólgar og hóra
morðingja lík
 fátæk og rík
gáfaða og drumba
 daufa og dumba
föður og móður
 systur og bróður
rammsterkan lás
 á sinn eigin bás.

Gunnar Lunde (1944-1993)

Híróshímakona

Þú lást á götusteinunum
eftir vindhviðuna
eftir ljósglampann
loftið blossaði upp
fyrir framan kynfæri þín
þú varðist
en tókst ekki að stöðva
undarlega geislana
milli fingranna
til litninganna
sem engdust
geislana
sem skáru burt
fyrstu dóttur þína
sem aldrei varð til

Síðar
yppti fólkið öxlum
yfir smábarnasprengrunni í Híróshíma
sundurtættar hendur þínar
struku yfir dauða kjöltu þína.

Gunnar Lunde (1944-1993)

Hlýja kona

Hlýja kona
undarlegt

Að flota okkar
rak saman
í ólgandi sænum

Að flotar okkar
sigldu saman
að kyrrláttri höfninni
þar sem við byggðum hús okkar
úr vatnsósa leifum flotanna

Undarlegt

Að hinir flotarnir
á ólgandi sænum
rákust á með þungum dynkjum
og trufluðu svefn okkar

Hlýja kona

Hér er allt svo undarlegt ...

Að löðurtoppar sjávarins
fossuðu í gegnum vegginn
svo að við lágum snöktandi
og snerum baki hvort að öðru
meðan við heyrðum
flotana mölva hver annan

Parna langt úti í dimmri nóttinni
fundum kuldann steypast yfir líkami okkar
án þess að geta flutt okkur um set

Kona.

Gunnar Lunde (1944-1993)

Ormurinn

Gat ég vitað
að ormurinn
þessi gljásvarti
sem ég dró út úr
munninum á mér
tæki með sér
hvítu kringlóttu egginn
undir húð minni
þannig að ég
fyndi fyrir holrúmi
sem stöðugt særði mig
milli húðarinnar og innyflanna
daginn
sem ormaveiðin hófst
og ég vildi vera með?

Gátuð þið ekki
aðvarað mig
og sagt mér
hvað væri eiginlega
á seyði hér
vinir?

Gunnar Lunde (1944-1993)

Staðreyndir um Víetnam

Í Víetnambókinni
segir á bls. 69 að:

„Maður sem var skotinn í bakið lést eftir fimm mínútur.
Allir aðrir dóu þegar í stað. Með öðruvísi kúlum hefði
hann aðeins særst lítillega.“

Les ég ruglaður
og fylgi línunum með nöglunum
sem prýddar eru svörtum sorgarröndum
kitlandi skef ég af mér mýbit
síðan úr veiðitúrnum í dag

Mjólkurverðið hefur hækkað
úr tólf og fimmtíu í þrettán og fimmtíu
segir eiginkona mín
ástin mín
með granna silkifætur
kreppta í sófahorninu
leitar hún andlits míns
með blíðum augum
stofuspjallsins
ástin mín
heyrðu hvað bókin segir

„Maður sem var skotinn í bakið lést eftir fimm mínútur. Allir aðrir dóu þegar í stað. Með öðruvísi kúlum hefði hann aðeins særst lítillega.“

Les ég skýrt og greinilega

Við lítum hvort á annað
flóttalegum augum
snúum
grettnum andlitum
hvort að öðru

Það er best að leggja sig
segi ég
gegnum múrbrotin
á milli munna okkar
en Víetnambókin
fellur í kjöltu okkar
opin á blaðsíðu 69.

Gunnar Lunde (1944-1993)

Þú og bíllinn þinn

Þú gælir við bílinn þinn
eins og hann sé
brjóst þinnar elskuðu
þú ert ein girnd
þar sem þú dáist að
þessum gljáfægða hlut

Þú sérð ekki þá
með ávölu brjóstin
hún grætur
í örvinglan
meðan líkami hennar gránar
í gryfjunni
þú veitir henni aðeins
vélrænar hreyfingar

Svefn þinn sýnir hergöngu
meðal öfundsjúkra augna
þú vaknar
og hugsar um afborganirnar

Hér er allt svo undarlegt ...

Þú þekkir ekki
hina mannlegu hlýju
við hlið þér
köld yfirbyggingin
veldur fullnægingarkippum
í andliti þínu.

Simen Skjönsberg (1920-1993)

Kvæði um ást

Tölum um ást:

hvernig þú heldur á bolla
hvernig þú ræðir stjórnmál
hvernig þú gengur að glugganum

Jú þegar við tölum um ást:

hárið á þér liðast þegar þú svitnar
pilsíð strengist yfir lærin á þér
þú þarft svo litla hanska á hönd þína

Víst vil ég tala um ást:

þú staðnæmist og lætur útsýnið streyma að þér
þú opnar bók og leggur hana flata í höndina
þú teygir úr fótunum undir borðinu þegar þú borðar
hádegismatinn

Svo sannarlega vil ég tala um ást:

þú klæðir þig úr kjólnum á svo eðlilegan hátt
þú kaupir blaðið og tekur með þér heim þegar þú hefur
verið úti
þú ekur aðeins of hratt þegar þú notar bílinn

Hér er allt svo undarlegt ...

Ég skal ekki tala meira um ást, bara þetta:
þú veist nákvæmlega hvernig á að fara með þvottavélina
þú veist hvað þú gerir þegar þú stingur nöktu læri fram
undan sænginni
þú hefur þitt eigið handbragð þegar þú festir á tölu.

Simen Skjönsberg (1920-1993)

Æ níd jú darlíng

Æ dónt níd jú nómór
bakvið tvöföld gluggatjöld
við skríðum lengra inn í sjálf okkur
brynjum okkur gegn áhyggjum sjónvarpsins
brynjum okkur gegn óvæntum augnablikum

Þegar myrkrið kemur
og bílarnir aka í ljósgeislanum
stöndum við hjá glugganum eins og stytur
upplýst aftan frá
með gula kafbátinn í eyrunum
og ókunnar hugsanir í höfðinu

Síðan er skipt um plötu
hléð er að falla niður í sprungu
hæ læt end grín grass
verður þú herra atburðarásarinnar
er veggurinn nógu stöðugur
er myrkrið nógu dimmt
ó bigg hitts ov Rollíng Stóns
kuldinn leggst yfir í nótt
að morgni verður dagurinn rauður
eins og hitasóttarsjúklingur.

Magli Elster (1912-1993)

Frá þollaúsum stundum

Hnakki minn hrópar

á koss –

– koss frá þér –

– í dag

það eru annars ekki svo margir staðir

sem þú hefur hlaupið yfir

en hnakki minn harmar

að þér kom ekki í hug

að kyssa hann

að kyssa hann

einmitt í dag.

Kjell Sandvik (1929-1992)

Á hungurári

Eplið er þungt
eins og fylltur hnöttur
(sagði heimspekingurinn)

Þyngri er jörðin
í hendi Guðs
(sagði biskupinn)

Safameira
er konubrjóst
(sagði elskhuginn)

Og þá er komið haust
með nýju afurðaverði
(sagði bóndinn).

Kjell Sandvik (1929-1992)

Hann pabbi vann í pulsuvagni

Hann pabbi vann í pulsuvagni
Bærinntaldi sig þekkja hann:
Hann var einhentur
og gekk á hækjum

Hann pabbi átti bækur heima
á hverju kvöldi tók hann með sér
Immanuel Kant eða Karl Marx
sem hann las
á hljóðum kvöldstundum
fyrir miðnættið

Það var bjart
í litlu íbúðinni
en innum gluggann
barst að lokum fyllerísröflið
vændiskonur hlógu fólk dansaði framhjá
á íshálkunni í myrkrinu

Hann pabbi vann í pulsuvagni
hann þekkti þau öll
hann þagði.

Kjell Sandvik (1929-1992)

Nátt og skuggi

Á slíkri nótt
er til angurværð
dægradvöl stundaglassins
hellir himneskum endurskinstöflum
á snjóinn

Og Jesús
gengur krókloppinn burt
yfir skaflana

Það er svo kalt
í lokuðum
skugga
kirkjunnar. –

Hér er allt svo undarlegt ...

Kjell Sandvik (1929-1992)

Predikun

Kæri söfnuður, kæru landsmenn
Guð þarf ekki fallbyssur til að verja sig
og illskan lifir af allar útrýmingarárásir
aðeins helvíti hlær með atómsprengjur í kjaftinum.

Hér er allt svo undarlegt ...

Kjell Sandvik (1929-1992)

Stjórnmalamaður játar

Einu sinni var ég
heiðarlegur hugsjónamaður

Þá framdi ég
morð.

Kjell Sandvik (1929-1992)

Stríðsleikurinn

Dag einn vögnuðum við
þá var húsið horfið
við gengum krókloppin út í garðinn:
trén voru höggin

Að eigin ósk
drógum við bók
upp úr frakkavasanum:

En kaflann
um bruna Trójuborgar
hafði ritskoðunin
þurrkað út.

Kjell Sandvik (1929-1992)

Vorið

Hægt

þiðnar

ísinn

dropi

eftir

dropa

ekki

einu

sinni

vald-

hafarnir

geta

kúgað

sólina.

Kjell Sandvik (1929-1992)

Þegar brosið dó

Bros
hentist skyndilega
af barnsandliti
og fauk
út um borgina

Hljóð leikandi
milli fótanna
á fjölda alvarlegs fólks
varð fyrir ofsóknum
skammaryrða
og högga regnhlífanna

Skildi ekkert
hrópaði án árangurs
á hjálp

Var að lokum
hrakið út á götuna
og lést
undir skólabílnum

Hér er allt svo undarlegt ...

Strax
kom líkbíllinn
og ók
dauða brosinu
burt eins og
brandara.

Hér er allt svo undarlegt ...

Kjell Sandvik (1929-1992)

Þróun

Vinnuaflið
sótti í bæinn
í verksmiðjunni
varð nafnið númer

Jaðarþjóðin
vaknar hægt
fátækraheimili
kýttir hnúar.

Engelke Revold (1921-1991)

Leikur

Hún var ákaflega skemmtileg
þegar hún hló og sagði: Ég er leið á því
að láta brenna mig
ég hef tekið ákvörðun: Nú vil ég fá önnur hlutverk –
þá hló ég að henni og gladdist
að hafa hitt hana

En þegar hún stóð upp og fór
sá ég á álútu höfðinu
að þessi glaðværð
var sú síðasta sem hún átti
og ég fann til – sektar.

Engelke Revold (1921-1991)

Hús-Freyja

Vitið þið að ég drottning hinna þúsund hafragrjóna
hef meira frelsi herrar mínir
til að ávaxta mitt pund
eða láta það eiga sig
heldur en þið í dagdraumum ykkar
hafið nokkurn tíma gert ykkur í hugarlund

Hvern morgun get ég handfjatlað
eins mörg grjón af þessu þúsundi
og poki minn inniheldur
þann daginn
og leyft þeim að sálðrast
yfir vatni og eldi
án þess að nokkur nema ég
viti hvað ég vil

Ó sætbitri leikur að grjónum og tíma
sem seytlar milli fingra minna
þú sveiflar mér milli lúinnar visku
og barnsins drauma –
til undarlegrar gerðar af þroska
sem aldrei fær rúm í dálkum áhrifamannanna

Hér er allt svo undarlegt ...

Og þess vegna hef ég drottning hinna þúsund
hafragrjóna
meira frelsi herrar mínir
til að ávaxta mitt pund
í tíma og ótíma
heldur en nokkur tölfræðingur ykkar
getur nokkurn tíma afstýrt.

Anna Sandnes (1903-1988)

Barn

Barn, þú ert eini vitringurinn
meðal okkar
því að þú veist ekkert
augu þín spyrja og undrast –
þú ert ókunnugt
en hér áttu að eiga heima
innan um vélar og fólk
ennþá eru augu þín
úr annarri veröld

Ég sé þig
upp við fyrsta hliðið
sem þér tókst ekki að opna –
því að fyrir utan leyndist dauðinn

Ó barn
ég vil ekki sjá augu þín
þegar þú hefur fengið að vita allt –
ég bið þess eins að þú fyrirgefir okkur
eins og við sjálf verðum að fyrirgefa
lífinu sem við fengum
án þess að vita það.

Anders A. Hovden (1905-1986)

Beygðu þig

Beyg þig
fyrir bljúgri sál
sem forherðist ekki

Fyrir hjarta
sem ekki er orðið að
steini

Beyg þig
fyrir ráðgátunum
án þess að spyrja
eða biðja
um svar

Anders A. Hovden (1905-1986)

Meitlaðu ekki ...

Meitlaðu ekki nafn þitt
í stein
skrifaðu heldur boðskap þinn
í sandinn
vindurinn mun feykja honum burt
sem leyndardómi
inn í eilífðina
boðskapur þinn verður hluti
alls sem er
verður aldrei skilinn
frá heild hins gjörvalla

Steininn þarf að mylja
niður í sand
áður en unnt er að mynda
lifandi orð
hverful eins og
mannshugurinn
en með eilíft líf
í slóð sinni

Hér er allt svo undarlegt ...

Steinninn er dauður
en orðið á líf
frá manninum
sem reit boðskap sinn
í sand
sálir hafa risið upp
til eilífs lífs
og orðið
var skrifað í sand.

Anders A. Hovden (1905-1986)

Hlið þitt er knúið

Hlið þitt er knúið
í nótt
einhver vill inn
til þín
þú getur ekki lokið upp
og hönd þín skelfur

Hlið þitt er knúið
einhver kvelst
í kuldinum
í nótt
og kannski á hann sér veika von:
hann hjálpar mér

Það er svo dauðahljótt
milli högganna
líklega var það hin sterka hönd
stormsins
sem lamdi grein
í gluggann þinn

Þá hefst aftur dynjandi barsmíð
þungra högga
hlið þitt er knúið
hönd þín er loppin
hún megnar ei að ljúka upp.

André Bjerke (1918-1985)

Veisla hinna fullorðnu

Hvað var það sem gerðist
í veislu hinna fullorðnu?

Fyrir löngu síðan varstu rekinn
í háttinn
vandlega sveipaður
sæng kossi og kvöldbæninni
og þau héldu að þú svæfir
(börn eiga svo gott með að sofna!)
en þú lást með augun opin
eins og maurildi í myrkrinu
þú lást með eyrun opin
eins og kuðunga
vakandi lástu stilltari en í svefni
og hlustaðir ...

Frá stofunni niðri
barst hláturinn upp
eins og loftbólur úr hafdjúpi
barst upp og sprakk
á vatnsborði ljósvökullar þagnar þinnar

Frá djúpinu niðri
hljómaði og söng
suðaði leyndardómsfullt
eins og kvörnin
sem malar á hafsbotni!

Hvað var veisla hinna fullorðnu?
hvaða kuðungsdýpi ævintýranna
– fjarlægt og forboðið –
var þetta sem alltaf fór að heyrast
eftir háttatíma barnanna

Þetta hlaut að vera
hinn hafmyrkri leyndardómur
þeirra fullorðnu
sjálfur leyndardómurinn
sem gerði þau fullorðin:
stórar persónur
með alvís augu
og hafmeyjabros ...

Þarna lástu
í hraksmánarlegum fangabúningi barnsins
pottormurinn
(þú átt að vera sofandi! sofandi!)
dreymandi spurði maurildið:
„hvenær verð ég fullorðin?“
„hvenær fæ ég að vita það?“
og það svaraði í öldugjálfri myrkrar villtrar sorgar:
„o, það er langt þangað til!“
„langt! langt þangað til!“

Fangavist þinni er lokið
þú ert sjálfur kominn niður í stofuna
og enginn skipar þér að fara að háttu
nú hljómar þín eigin rödd í veislunni
(„skál vinir mínir og bræður!“)
og berst upp í hlustandi barnaherbergið
nú veistu hvað það er sem gerist
í veislu hinna fullorðnu
nú veistu að þú hefur ekki sigrað
heldur tapað
hinum leynda heimi hafdjúpsins

Þau þarna niðri voru ekki lifandi
í því sem þú heyrðir forðum berast upp
í þér var veislan kuðungurinn hafmeyjan
í þér var kvörnin
sem malar á hafsbotni!

Astrid Hjertenæs Andersen (1915-1985)

Hestsaugað

Dýpst
í auga hestsins
dimmu – átakanlega viðkvæmu

djúpt
bak við sára speglun
geislandi grasteiga

djúpt
í gullinbrúnu landslagi
hinu angurværa á jörðu

sé ég manninn aftur
varnarlausan, nakinn
upptendraðan af lífinu.

Ernst Orvil – alias Ernst Nilsen (1898-1985)

Sálfræði

Ég vildi óska
að hún væri nógu
döpur
svo að ég gæti
gert hana glaða
og hún mundi segja:
þú
gerir mig glaða
ég vildi óska
að ég gæti gert hana
nógu dapra.

Jens Björneboe (1920-1976)

Innlegg í baráttu dagsins

Til hvers er að kveina og kvarta
þegar klögur og harmleikir
eru boðnir upp í heilum bíhlössum?

Hverjum kemur til hugar
að spyrja um brúðu barnsins
í grasinu
þar sem foreldrarnir voru skotnir fyrir hádegi?

hverjum kemur til hugar
að spyrja um sannanir
eða hvort dómarnir séu hæfir
þegar hinir dæmdu eru stráfelldir
og brenndir
– heilar þjóðir í einu?

Hverjum kemur til hugar
að spyrja um hægri eða vinstri
þegar spurning dagsins er:
ert þú ein af morðingjunum
eða eitt af fórnarlömbunum?
ertu ein af dómurunum
eða ein hinna dæmdu?

Hér er allt svo undarlegt ...

Hvaða meaning er í því
að börn sem fá að lifa
megi einnig eiga foreldra
þegar allt miðast við
að koma rússneskum eða amerískum hermanni
til tunglsins?

Finn Björnseth (1924-1973)

Undir rúsínurunninum

„En Drottinn sagði: Þig tekur sárt til rúsínurunnans, sem þú hefur ekkert fyrir haft og ekki upp klakið, sem óx á einni nóttu og hvarf á einni nóttu. Og skyldi mig ekki taka sárt til Níníve, hinnar miklu borgar, þar sem eru meira en hundrað og tuttugu þúsundir manna, er ekki þekkja hægri hönd sína frá hinni vinstri, og fjöldi af skepnum?“ (Jónas. 4. kapítuli, 10. og 11. vers).

Ég hafði rétt fyrir mér
járnör meitlar opinberunina inn
á milli 5. og 6. rifbeins
meðan æðaslögin í gagnaugunum
umla tónlaust:
– ég hafði rétt fyrir mér
hinir rangt,
rétt, rétt, rangt, rétt

Drottinn tak mig burt
frá brennandi vindinum
burt af eyðimörkinni og inn
í skugga sundurkraminna hjartna
tak glitrandi gersemar réttlætis míns
og gef mér brotinn demant í barminn
þessi söngur er óþolandi
og verri en hvert illt tilræði
við líf mitt.

Tarjei Vesaas (1897-1970)

Regn í Hírósíma

Þegar hún lyfti hendinni
til að taka tekönnuna
kom glampandi ljós –

– Var ekki meir
allt var horfið
þeir voru horfnir
ummyndaðir í gufu og ský
sem steig upp
leynardómsfullt og hljótt
hróp var ekki lengur hróp
en jörðin sló í tryllingi
krepptum hnefa hátt mót himni
í sjálfsvörn
– vegna þess sem allt lifandi líf veit
hvarvetna
en megnar ekki að skilja:
Hírósíma –

Mílubreiðar slæður sem stigu upp
þeir voru þarna í þeim
endurgerðir í frummynd
gufubólstrar
yfir kvalinni jörðunni
að vera ögn af þessu –

Hér er allt svo undarlegt ...

Að vera í þessu sem hvarf
en ekki lengi
glundroðinn varð brátt minni
slæðan þéttist í dropa – þétta dropa
með eilífum skapnaði dropans
án upphafs og endis

Þeir féllu niður
svalandi óteljandi
í stríðu regni.

Tarjei Vesaas (1897-1970)

Andspænis nýju

Viðvörunarhróp
strýkur lágt eyddan mó þinn
og breiðir skuggar vakna
og ganga fram
þeir reisa tjöld sín
skjótt og varlega
til að gefa þér skjól
sem stendur tæmt í striti þínu

Þú sem hefur verið klofinn
af efa og trú
og tærður af eldi
sem át sjálfan sig í leynum –
það virkar eins og nýtt
eigi að fylla hið tóma
en hið horfna hefur samt
fagran hljóm

Lágt hrópið
um að því sé lokið í þetta sinn –
þetta bragð af aldrei framar
hlýtur ætíð að svíða
eins og ljúf sumarkvöld
og börn sem eiga að fara í háttinn
þegar knötturinn flýgur glaðlega
og leikurinn stendur sem hæst

Hér er allt svo undarlegt ...

Þá hefur þú opnað hús þitt
og rétt fram höndina
og undrast hvaða landamærum
þú ætlir þér að ná

Einhvers staðar bak við þessa angan
er báti róíð
bak við þessa angan
af stuttum degi okkar.

Tarjei Vesaas (1897-1970)

Leið ormsins yfir bjargið

Á sólvermdu bjarginu
er sléttur mjúkur kúfur
og heitar hallandi hlíðar
enginn fer þar fyrir sitt litla líf

Hér hafa engir mæst
engin spor eru í sandinum
aldrei skráfar í lynginu
bjargið geislar frá sér hryllingi

Eins og frjósandi rennsli
yfir heitan barm
en björg eru mállaus
björg hrópa ekki
fyrir en við dagsbrún
þegar bæði björg og ský eiga að hrópa
og ormurinn skríður yfir
slípar bjargið ofurhægt
í sýslan sinni
og fuglinn sem ætlar niður í djúpið
syngur.

Aslaug Låstad Lygre (1910-1966)

Þrír deplar á teignum

Ofan úr þessari brekku
get ég séð húspakið á Bæ
og fari ég aðeins ofar í hlíðina
get ég líka séð túnið

Þegar við förum inn eftir um nónleytið
ætla ég að dragast svolítið aftur úr
og þá ætla ég að klifra upp í urðina
þaðan get ég séð allt búið
ykkar á Bæ

Og sjái ég svartan depil
niðri á teignum
er það líklega bara hann pabbi þinn
en sjái ég tvo depla
ert þú kannski annar
en það getur svo sem alveg eins verið hún mamma þín
en sjái ég þrjá depla
þá ert þú einn þeirra –

Heldurðu að það sé ekki kominn tími til að fara –

Ef við dveljum lengur núna
fara þau í Bæ í nónkaffi
á undan okkur
en þá ætla ég að fara hingað upp eftir
þá sé ég allan bæinn
út frá

Og sjái ég svartan depil
niðri á teignum
er það líklega bara hann pabbi þinn
en sjái ég tvo depla
ert þú kannski annar
– ef það er þá ekki hún mamma þín

En sjái ég þrjá depla
ert þú örugglega einn þeirra.

Einar Skjæraasen (1900-1966)

Ákæra við múrinn

Við getum ekki hist
boðberarnir hrapa í myrkrið
ekki heyrt hvort í öðru
söngurinn hljóðnar inn í stein

Hví aðskildir þú okkur
ég sem við sólsetur
átti að þjóta til móts við hana
út á völlinn
bregða örmunum um mjúkt mittið
og dansa af gleði

Hví reistir þú múr að enni mínu
enni sem vildi halla sér
að ljósum öxlum
hví fléttaðir þú reipi
um hendurnar
hendur fullar af ást

Hver ert þú, þú
sem mæltir til mín á kunnri tungu
og rakst mig burt
til lands án árstíða
ég sem sá fuglana fljúga í norður og suður
haglendin gróa undir grönum dádýranna
uppspretturarnar streyma fram

Þú heldur mér föstum
með augu úr ís
og gætir útgönguleiðanna
með ofstækisstáli –
ég sem er fæddur í hinum milda
sjöunda mánuði
þegar gróðurinn blómgast
og fyllir stað sinn
undir lögum þrárinnar

Í nafni lífsins: hver ert þú
sem hlekkir dag minn við múrinn
og lítillækkar mátt minn
eyðir mér upp til ösku og einskis

Ég teygi mig í áttina til hins helga turns
í upphæðum –
þetta er ofbeldi
líttu á hinn stutta tíma vorn
og gef oss jörðina aftur

Unnusta mín er hinum megin
ég get ekki náð henni –
ég sem ætlaði að lyfta barninu með höndunum
fagna: Ávöxtur ástar vorrar
ætlaði að hrópa að hjarta mannsins
snú hvorki til austurs né vesturs
svo sannarlega ekki.

Kristofer Uppdal (1878-1961)

Hersla

Stálið
er hert í stríði
án óvina
værir þú minna en þú ert

Í eld
þarf að setja það sem herða skal
í eggjarstál
og síðan á hverfissteininn
til að hvesa það

Eldurinn eyðir
slítur
Eyðing og slit:
tortíming

Í tortíminguna með þig!
Í eggjarstál!

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Hin svartklædda

Ég reika niður eftir auðri götunni. Ég læðist með húsveggjum.

Er einhver að elta mig? Læðist einhver að baki mér með álútt höfuð? Eins og ég sjálfur?

Ég þori ekki að líta í kringum mig.

Það er kolsvarta myrkur. hjarta mitt slær örar.

Ég heyri hvíslað:

– Karlmaður!

Ég finn kvenfatnað strjúkast við mig. Ég lít ekki upp en þó veit ég að þessi föt eru svört.

Og ég veit að þetta er ósnortin mær og ég veit að brjóst hennar ólgar.

Hún grípur hönd mína. Hönd hennar skelfur. Hún hallar sér að mér og styður sig upp að mér og hvíslar:

– Karlmaður!

Við förum inn á milli timburs og tunnuræfla og alls kyns rusls. Við förum upp stiga, við göngum inn undir súðarglugga.

Hún tekur af sér slörið. Ég sé tvö stór, sérkennileg augu. Hún leysir upp um sig, hendur hennar skjálfa.

– Sjáðu, segir hún, – er það fallett?

Og hún þrýstir sér upp að mér og hún strýkur andlit mitt, hálsinn, brjóst mitt, allan líkama minn. Með mjúkum, varfænum höndum.

Og þessar hendur hvísla:

– Blind.

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Maginn

– Kyrktu mig, er hvíslað.

Eins og heitur suðaustanvindurinn frá svörtu
hyldýpinu.

Síðan er þögn, langt slen og myrkur sem linast og
augun tvö, augun tvö með nýja augnaráðið.

Allt í einu stekkur hún fram úr. Hún dregur
gluggatjöldin frá, stekkur upp í gluggann. Hún er nakin.

– Sérðu mig?

Þarna inni nóttin. Þarna úti dagurinn.

Bleikir geislar morgunsins falla á þrútinna maga
konunnar.

Þetta háa, hvíta á milli næturinnar og dagsins, var
þetta eiginkona hans?

– Sérðu mig?

- - - Og hann dragnast af stað í kaldri grábirtunni í
átt til hafnarinnar. Ólyktina leggur af fiskúrganginum. Í
grágrænu vatninu mætir hann sínu eigin andliti,
heimskulegu, dauðu.

Mókir upphafið að barni hans þarna inni í þrútnum,
sjóðandi maganum?

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Nafnlaus

Myrk þokan sígur yfir tré, yfir blettina
blöðin eru litlaus, grasið er ekki grænt
skíma lugtanna er gulir augasteinar myrkursins –
gulir augasteinar sem víkka svo undarleg út
enginn er þarna, enginn hlær eða andvarpar í
trjáögöngunum
ég hósta, hósti minn hljómar líkt og draugur ræski sig
ég geng, fótatak mitt er eins og fótatak draugsins

En í myrkum gangi garðsins þar sem engar lugtir lýsa
situr vændiskona hulin á milli trjána á einmanalegum
bekk
það er slæða um föla vangana, svört slæða –
bak við svarta slæðuna eru augu sem tindra svo
undarlega

Og ég er gripinn af blíðri gleði næturinnar
við að hitta í myrkrinu, í dauðri nóttinni, mannveru
ég sest hljóðlega – dreg slæðuna þögull til hliðar
augu mín nálgast augu hennar, sál mín sál hennar

Hljóðlega svífa niður nokkur lauf
varlega legg ég eyrað að hjarta hennar ...
og brest í grát, græt niður í kalda hanska hennar
græt og græt og veit ekki hvers vegna ég er að gráta

Hér er allt svo undarlegt ...

Hún hrindir mér ekki burt
hún þerrar augu mín vandlega
Og ég gríp hendur hennar í angistarfullu þunglyndi mínu
og bið hana að fela mig, fela mig, fela mig

Myrk þokan sígur yfir tré, yfir sálir
laufið er litlaust, grasið er ekki grænt
en í þokunni svífa svört laufblöð hljóðlaust til jarðar
og í myrkrinu situr nafnlaus mannvera falin á
einmanalegum bekk
og felur við hlýtt brjóst sitt andlit hins sjúka
og felur í mjúkum höndum augu hins hrædda
og enginn nema Guð heyrir sárt snökt hans
og enginn nema Guð heyrir huggandi hvísl hennar.

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Nocturne

Vængir myllunnar stöðva nið sinn
áin speglar auga næturinnar
varir blómanna biðja auðmjúklega
krónur trjána hvísla, hvísla

Prestarnir tendra á fölum kertum
nunnurnar söngla frómar bænir
börnin spenna magrar greipar
svanirnir hylja nef sitt undir væng

Brátt munu allir hinir þreyttu sofa
hvíla höfuð mjúkt á koddanum
gleyma gráum, harmrænum hugsunum
móka, sofa, dreyma, sofa

Úti í blánum svífur kona
móðir Krists, María, María
lýkur ástúðlega aftur augum sálnanna
stígur varlega bogtré jarðarvöggunnar.

Hér er allt svo undarlegt ...

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Kvenleggur

Þær sofa
báðar sofa
sú litla indæla í vöggunni
sú stóra indæla í rúminu

Og náttljósið logar
á oblátunni
flýtur lítið skar
saklaust
í gulleitri olíu

Rúllugardínan er runnin upp
gaslugt fyrir utan.

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Það er allt

En hve hún flöktir angurvært!
sængin hefur dregist niður
gaslugtin teygir úr sér og starir á axlir konunnar minnar

Ég skal breiða yfir þig, mín sofandi eiginkona
og ég skal draga rúllugardínuna niður
gaslugtin fær ekki að sjá
þetta bjarta sem ég á

Ég ætla að þrýsta tveimur kossum á spékoppa þína
– sem brosa í svefni –
og á fingur þína
og á trúlofunarhringinn
og á silfurkrossinn um hálsinn

Ég ætla að læðast upp í til þín
og hlýja mér hjá þér
og gleyma
að stundum erum við ekki eins og við ættum að vera
hvort við annað.

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Stúlkur (brot)

Skógurinn muldrar við sjálfan sig
hvers vegna muldrar hann?
áin rennur raulandi fram
hvers vegna raular hún?
pabbi sefur
mamma les
ég held bara að ég skreppi í bátsferð

- - -

Fjörðurinn er svo fagur!
hvers vegna stækka ég?
reykur – frammi við oddann
það er gufuskipið
Nestún, Árvík
Berjar, Tangi
ég held ég vilji heldur fara inn og spila tónlist

- - -

Svona voðalega margir draumar
hvaðan koma þeir?
er þeim vaggað úr skóginum
hingað til Aulabárðar
Aula – bárður
Aula – Bárður
nei, það verður víst enginn „Álfadans“ úr þessu!

Hér er allt svo undarlegt ...

Guð, hve þetta er dýrlegt!

það er svo dýrlegt!

enginn getur lifað án tóna

eða hvað?

einn og ... tveir og ...

einn og ... tveir og ...

það væri gaman að vita hvort álfar væru til

- - -

Þetta er vinstri

það á að vera hér

er það það sem slær?

eða kannski úrið?

einn og tveir og

einn og tveir og –

ég held svo sannarlega að ég sé ekki með hjarta

- - -

Skógurinn þegir

hvers vegna þegir hann?

– o, það er svo einmanalegt

hérna á Furulundi!

Fanginn ... fuglinn ...

einmana ... situr ...

ég þoli þetta ekki!

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Billet doux

Komdu kæra frú!
komdu ef þú vilt!
komdu inn í myrkrið
sem rennur kalt og vott
um deyjandi mann
og sýgur hið deyjandi hjarta

Ertu sterk?
geta augu þín geislað
andspænis líki?
ertu hugdjörf
þarna inni í kyrkislöngunni?

Við ættum að hlæja!
hlæja að sjálfum okkur
hlæja að öllu
hlæja að hjörtum okkar
hlæja að blæðandi, lemstruðum hjörtum okkar!

Við ættum að hlæja
hlæja eins og vitstola
hlæja svo að braki í kinnbeinunum
hlæja svo að skuggarnir skelli upp úr fyrir aftan okkur
komdu ef þú vilt! Komdu inn í myrkrið!

Hér er allt svo undarlegt ...

Því að þú þekkir víst grátinn
þú þekkir víst grátinn um nótt ... ?
Komdu ef þú vilt! Komdu inn í myrkrið!

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Berceuse (Vögguljóð)

Hristu blómablóm
dauð blöð þín
yfir hvelft ennið
svo að hún fái svara hvíld!
hristu, hristu
dauð blöð þín!

Suss, vormorgunn
þú skalt sussa hljóðlega
inn í bylgjandi barm hennar
friðsælu skvampi!
suss, suss
þú skalt sussa hljóðlega!

Uss, fossaniður
það eru álfar hjá okkur
láttu vísu þína hríslast
inn í kuðung eyra hennar
uss, uss
það eru álfar hjá okkur

Hér er allt svo undarlegt ...

Kyssið, ljósbylgjur
augnalok hennar
nasvængi hennar
svo að hún vakni í anganinni!
kyssið, kyssið
augnalok hennar.

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Dagur

Ég vaki
nýr dagur breiðir blóm sín yfir mig
angandi af sólrænum þönkum

Eyru mín hafa opnast
fyrir ljóðum bára og vinda
með bergmáli af ánægju fuglanna

Augu mín hafa opnast
himinninn hvelfist yfir heiminn
sólin er efst í hvelfingunni

Ég svaf
sál mín reikaði, ég veit ekki hvert
þar var engin sól

Ég skalf þegar dimmdi að
þarna inni var dauðinn
dauðinn og hvíslandi tungur

Nú er dagur jarðarinnar
bjöllurnar flykkjast fram úr skauti hennar
ólmast í glöðu andrúmi hennar

Hvað varð af hinu undarlega myrkri?
hvert er það farið?

Nú eru alls staðar geislar –
er heimurinn búinn til úr geislum?

Að baða hár sitt í þessu ljóshafi!
sem vellur inn í grasið
og kyssir frjóin
sem spretta litrík upp

Að finna angan þessa fæðandi lofts!
sem dansar um enni mitt
sveiflar sér á nasvængjum mínum

Geislandi dagur!
þú ert hlæjandi auga Guðs, spegill sálar hans

Hugsanir hans
spretta upp úr djúpinu
úr hvelvingum, hnöttum
í logandi sálnagruann.

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Getur spegillinn talað?

Hefur spegillinn mál?
spegillinn hefur mál!
spegillinn horfir á þig á hverjum morgni
 rannsakandi
horfir á þig djúpu, alvitru auga
 – þínu eigin!
heilsar þér með sínu hlýja,
 sínu dökkbláa auga:
 ertu hreinn?
 ertu trúr?

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Tréð

Hvar eru lauf mín, brumknappar mínir?
greinar mínar eru horfnar, sprotarnir fallnir af

Ég dreifði blómunum mínum öllum út um heiminn

Ég vildi skapa sumar
ég deildi út öllum blómunum mínum
ég á ekkert eftir sjálft

Eitt sinn rann safi um sprota mína
mikil króna sveipaðist um stofn minn
hún svignaði í vindinum
blöð hennar skulfu við hvern vindblæ
og hlýr snjórinn gægðist út á milli þess græna

Æ, hví þyrlaði ég snjónum niður?
ef til vill hef ég ekki þyrlað sumri í eitt einasta hjarta
nú er allt nakið
það er vetur
aðeins þurr stofn minn og kalt bládjúpið

– Og þó, hvað er þetta?!
eitthvað liðast út úr stofni mínum
það er eins og öll jörðin nötri

Undarlegt. Ég finn nýjan sprota spretta fram

Hér er allt svo undarlegt ...

Hann er sterkur eins og steinn
ég veit ekki hvert hann bendir
ég veit ekki hvort það er til upphæða
eða til undirdjúpa
milljónir stjarna eru umhverfis
eru þær snjórinn sem ég forðum deildi út?

Brumknappar mínir, lauf mín, stönglar mínir eru horfnir
ég á aðeins einn grjótharðan sprota
eitt sinn rann safi um stofn minn
málmur, málmur, heyri ég gjalla í sprotanum mínum

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Allt sköpunarverkið stynur

Allt sköpunarverkið stynur
nötrandi spyr það
bylgjandi hvíslar það

Fuglarnir þyrpast saman
lesa í augu hver annars

Og að vestan
rær vindurinn svo þungt
og að austan
niðar æðasláttur sjávarins

Sköpunarverkið þjáist

Blómin við rætur furunnar
skilja það ekki

Lækir og elfur
þjóta – hvert?

Maður mætir manni:
hver ert þú?

Konur fæða
og deyja

Þar sem leiðir skerast
stendur hvítur kross
yfir honum er slæða
úr blóðdropum

Þar krýpur kona á kné

Hvíti kross!
hvað er það að elska?

Ég hef spurt frjóvegu Jónsmessublómsins
þegar sólin rann
ég hef spurt gárur tjarnarinnar

Ég hef setið undir aski gauksins
um miðnæturbil
hann söng um angurværðina og flaug burt

Og ég kom langt inn í stóran skóg
til eldgamals spámanns

Hann var svo vitur
skegg hans var svo hvítt

„Ást – hana þekkir enginn.
Þrá – hana þekkja allir.“

Fætur mínir eru sárir
augu mín eru þreytt
hjarta mitt svo þungt

Hvíti kross
hví grætur þú blóði?
er ástin dauði?

Þá draup aldinfrjó af blóðdropaþyrpingunni
þá skutu blómmunnarnir blómum
þá var muldrað ástúðlega í földum lindum
þá hríslaði og freyddi í lækjum og elfum
þá sáldraðist, fossaði, kyssti og blossaði:
„þar til nú, þar til nú, þar til nú!“

Og að vestan
kemur þjótandi vængjatak stormsins
og að austan
kemur freyðandi andardráttur hafsins
í glóandi geislum!

Allt sköpunarverkið fagnar!
því að jörðin er þunguð!
og ástin, hún kemur
kemur
með sumar
með glóandi geisla
kemur með sársauka
með veraldaryndi!

Sigbjörn Obstfelder (1866-1900)

Ég sé ...

Ég horfi á þennan hvíta himin
ég horfi á þessi blágráu ský
ég horfi á þessa blóðugu sól

Þetta er sem sagt heimurinn
þarna búa sem sagt mennirnir

Regndropi!

Ég horfi á þessi háu hús
ég horfi á þessa þúsund glugga
ég horfi á þessa fjarlægu kirkjuturna

Þetta er sem sagt jörðin
þarna býr sem sagt mannfólkið

Blágráu skýin dragast saman
sólin horfin

Ég horfi á þessa vel klæddu menn
ég horfi á þessar brosmildu konur
ég horfi á þessa álútu hesta

Hér er allt svo undarlegt ...

En hve blágráu skýin dökkna!

Ég sé, ég sé ...

ég er víst kominn á rangan hnött!

hér er allt svo undarlegt ...

Hér er allt svo undarlegt ...

Hér er allt svo undarlegt ...



HÉR ER ALLT SVO UNDARLEGT ...

Norsk ljód í þýðingu Guðmundar
Kristins Sæmundssonar

Þessi bók hefur að geyma nokkurn fjölda þýddra ljóða eftir norsk skáld á 20. öld. Ljóðin eru öll ort og þýdd undir óhefðbundnum hætti og gefa góða mynd af norskri ljóðlist eins og hún horfir við þýðandanum. Henni er þó engan veginn ætlað að vera sýnisbók alls hins besta í norskri ljóðagerð, heldur er hér um að ræða ljód sem þýðandinn hreifst af á námsárum sínum í Noregi.



Þýðandi ljóðanna er Guðmundur Kristinn Sæmundsson en hann hefur áður þýtt m.a. ljód Leonards Cohen, Maós Tsetúngs, Hós Tí Mín, Fredrik Fasting Torgersen og fleiri. Þá hefur hann þýtt eða átt þátt í að þýða úr norsku höfunda eins og Terje Stigen, Louis Masterson (Kjell Hallbing), Margit Sandemo og Jon Michelet. Guðmundur starfaði sem háskólakennari við Menntavísindasvið Háskóla Íslands frá árinu 2001 – 2016. Þá kenndi hann í allmörg ár við Framhaldsskólann í Skógum og Menntaskólann að Laugarvatni.

Bláskógar ehf.